

Bstj. 3. júní 2008

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Borgarstjóri Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Rekstrarniðurstaða ársins 2007 liggur fyrir með mjög hagfelldri niðurstöðu. Tekjur ársins reyndust mun meiri en áætlað var og útgjöld voru að miklu leyti í takt við áætlun. Aðalsjóður var rekinn með tiltölulega litlum halla fyrir fjármagnsliði og miklum afgangi að fjármagnsliðum meðtöldum, jafnvel þótt sala á hlut í Landsvirkjun sé frátalin, sem var um 10 milljarðar af rúmlega 16 milljarða rekstrarafgangi. Nú horfum við hins vegar til þess að sennilega er í vændum mikill viðsnúningur í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar, sem áætlað er að geti lækkað áætlaðar skatttekjur ársins um hálfan milljarð. Verðbólga mælist nú margföld á við forsendur fjárhagsáætlunar ársins sem þýðir að fjárheimildir sviðanna munu hrökkva fyrir mun minni aðfangakaupum en áætlað var.

Bæði ársreikningur vegna ársins 2007 og þau umskipti sem virðast vera að gerast á þessu ári leiða hugann að fjármálastjórn borgarinnar sem bæði mér og borgarfulltrúum minnihlutans var tíðrætt um við fyrri umræðu um ársreikning 2007 sem fram fór þann 20. maí sl. Ég vil halda því fram að fjármálastjórn borgarinnar hafi átt talsverðan þátt í því að rekstrarniðurstaða ársins 2007 reyndist jafngóð og raun bar vitni. Ég er einnig þeirrar skoðunar að fjármálastjórn borgarinnar nú geti ráðið úrslitum um það hvernig okkur tekst að sigla í gegnum það samdráttarskeið sem virðist vera framundan.

Ég tel að lykilorðið í fjármálastjórn borgarinnar eigi að vera ráðdeild. Borgarfulltrúum er falin ábyrgð á almannafé til að fjármagna almannþjónustu og borgarfulltrúum ber skylda til að ráðstafa því fé til mikilvægustu verkefnanna hverju sinni og fylgjast með að fjármunirnir séu nýttir til að veita góða þjónustu á hagkvæman og skilvirkan hátt. Fjármálastjórnin á að einkennast af stefnufestu.

Ég vil hér draga fram nokkur áhersluatriði sem ég tel einkenna góða fjármálastjórn: Í fyrsta lagi verða leikreglur um fjármálastjórnina að vera skýrar og rækilega kynntar. Í öðru lagi verður að vanda til fjárhagsáætlana og standa við þær. Miklar breytingar á fjárhagsáætlun innan ársins bera vott um ákveðna lausung ef ekki er um brýnar ástæður að ræða vegna ófyrirsjáanlegra atvika. Í þriðja lagi ber að tryggja virkt eftirlit með ráðstöfun fjárheimilda. Í dreifstýrðu kerfi með miklu

Bstj. 3. júní 2008

frelsi þarf að huga sérstaklega að eftirlitsaðferðum. Gagnsæjar lykiltölur, vel skilgreindir mælikvarðar og reglubundin mánaðarleg rekstraryfirlit auk árs hlutauppgjöra eru nauðsynleg eftirlitstæki í þessu sambandi. Í fjórða lagi verður að gera þá kröfu til stjórnenda stofnana borgarinnar að þeir – rétt eins og stjórnendur einkafyrirtækja – leiti stöðugt að hagkvæmustu rekstrarleiðum til að auka framleiðni og skapa möguleika á enn meiri og betri þjónustu en ella. Þetta er einkar mikilvægt þegar við blasir að þróun tekna borgarinnar kann að staðna og tekjur jafnvel lækka.

Í fimmta lagi verður fjárstýringin, og þá á ég einkum við lána- og lausafjárstýringuna, að vera stöðugt virk og áhættumatið vandað. Í sjötta lagi er nauðsynlegt að mínu mati, eins og raunar innri endurskoðandi og fjármálastjóri hafa bent á, að Reykjavíkurborg setji sér stefnumótun um áhættustjórnun og taki upp virka áhættustýringu sem tekur bæði til þjónustu við almenning og innri stoðþjónustu. Í sjöunda lagi er nauðsynlegt að borgarráð eða jafnvel borgarstjórn setji skýr markmið varðandi fjármálastjórn þeirra fyrirtækja sem við eigum að meirihluta og knýi á um framgang þeirra á vettvangi fyrirtækjanna. Í þessu sambandi varðar miklu að staða fjármálaskrifstofu og innri endurskoðanda verði skýrð gagnvart B-hluta fyrirtækjum. Í áttunda lagi er það æskilegt stefnumið eins og fram kemur í þriggja ára áætlun 2009-2011 að skatttekjur, þjónustutekjur og reglubundnar fjármunatekjur standi undir rekstri málaflökkanna.

Ég gæti að sjálfsögðu sundurliðað hvert af þessum atriðum nánar en ætla að láta það bíða betri tíma. Um hvert og eitt af þessum áhersluatriðum þarf að setja skýr markmið og mælikvarða sem við borgarfulltrúar getum rýnt og rætt málefnalega á fundum borgarstjórnar í tengslum við ársuppgjörin í framtíðinni.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Einkenni góðrar fjármálastjórnar sveitarfélags varðar ekki aðeins ráðdeild vegna rekstrarins í skammtímasamhengi, heldur og ekki síður fjármálalega framtíðarsýn fyrir borgina. Meginmarkmið fjármálastjórnar Reykjavíkurborgar til langs tíma ættu að lúta að því að gera borgina eftirsóknarverða fyrir íbúa og fyrirtæki. Þannig verður árangur fjármálastjórnar í langtímasamhengi nátengdur stefnunni í skipulagsmálum um þróun byggðar og hvaða tækifæri bjóðast einstaklingum og fyrirtækjum varðandi byggingu húsnæðis. Nýr meirihluti leggur til dæmis mikla áherslu á miðbæjarmyndina sem

Bstj. 3. júní 2008

getur haft mikil áhrif á aðstreymi íbúa, fyrirtækja og ferðamanna. Og nýr meirihluti leggur mikla áherslu á umhverfis- og samgöngumál sem einnig getur ráðið úrslitum um aðstreymi íbúa, fyrirtækja og ferðamanna. Með sama hætti geta ákvarðanir um áformað framboð eftirsóttar þjónustu eða skatta og þjónustugjöld haft mikil áhrif á aðstreymi íbúa og fyrirtækja. Eins þarf framboð af lóðum og byggingarsvæðum að vera í takt við framtíðarmarkmið um þróun og viðgang borgarinnar. Viðskiptastefna borgarinnar til langs tíma – ef svo má að orði komast – rammur þannig inn og hefur mikil áhrif á árangur í fjármálastjórn borgarinnar til skamms og langs tíma.

Einkenni góðrar fjármálastjórnar þegar til langs tíma er litið varða auk áðurtalinna atriða einnig eftirfarandi:

Að unnið sé að gerð langtíma fjárhagsáætlana í takt við langtíma skipulagsáform um íbúaþróun og uppbyggingu fyrirtækja og þjónustukjarna í borginni.

Að útgjaldaaukning taki mið af íbúaþróun, skilvirku og hagkvæmu framtíðarfyrirkomulagi á þjónustu og tekjuforsendum yfir hagsveifluna.

Að fjárfestingaráform byggi á gæðum fjárfestinga, forgangsröðun þeirra og fjármögnunarmöguleikum.

Að sett sé langtímaviðmið um hámark skuldsetningar borgarinnar, bæði A- og B-hluta.

Það er vissulega mikilvægt að hafa skýra framtíðarsýn á fjármálin þegar kemur að því að bregðast við skammtímaerfiðleikum eins og núna steðjar að okkur og til að okkur beri ekki út af leið þótt við þurfum e.t.v. að fresta verkefnum og hægja á fjárfestingum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar við metum hvort þörf er á viðbrögðum vegna breyttra ytri aðstæðna á þessu ári og þegar við tökum upp vinnuna við næstu fjárhagsáætlun og næstu þriggja ára áætlun 2010-2012. Í þessu sambandi vil ég nefna að skynsamlegt kann að vera að áætlanir vegna stofnframkvæmda verði hugsaðar til 5 eða 7 ára í senn, eða jafnvel lengri tíma, fremur en til þriggja ára.

Bstj. 3. júní 2008

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Fjármálastjórn Reykjavíkurborgar hefur á síðustu tveimur árum skipað hærra sess en oft áður. Ég vil sérstaklega benda á eftirtalin atriði í þessu sambandi:

Í fyrsta lagi hafa verið gerðar endurbætur á leikreglum sem fjármálastjórnin hvílir á. Miklar umbætur voru gerðar á fjárhagsáætlunarreglum á síðasta ári sem miða að því að áætlun miði við raunverulegan kostnað en ekki sjálfvirkt uppfærðan ramma. Starfshópur er að störfum um fjárhagsáætlunarreglur sem mun skila mér skýrslu sinni á næstunni og verður þá metið hvort þörf sé á að gera enn frekari endurbætur á þessum reglum. Ennfremur samþykkti borgarráð í síðustu viku reglur um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg sem taka til lausafjár- og lánastýringar. Þessar reglur skipta miklu máli.

Í öðru lagi var unnið að því að bæta áætlunargerðina með ýmsum hætti. Þannig var á síðasta ári var reynt að stemma stigu við þeirri vondu hefð sem virðist hafa skapast undanfarin ár að breyta stöðugt fjárhagsáætlun ársins innan rekstrarársins. Þetta átti sennilega nokkurn þátt í þeim árangri sem náðist varðandi þróun útgjalda. Vinnsluáðferðir við sjálfa áætlunargerðina voru bættar mikið. Og vinnuáðferðir við gerð þriggja ára áætlunar hafa einnig verið bættar mikið með því að taka fullt tillit til rekstrarlegra áhrifa stofnframkvæmda. Ég vil líka minna á að þegar við hefjum nú vinnuna við fjárhagsáætlun 2009 ber samkvæmt gildandi reglum um fjárhagsáætlunargerð að byggja þá vinnu í öllum aðalatriðum á þeim ramma sem gert er ráð fyrir í þriggja ára áætlun.

Í þriðja lagi var rekstur sviðanna rýndur rækilega á síðasta ári. Þessi vinna leiddi bæði í ljós tækifæri til sparnaðar og leiðir til umbóta. Þetta var liður í því að auka eftirlit með ráðstöfun fjármuna og um leið að reyna að laða fram góðar umbótatillögur í samstarfi við sviðsstjóra. Í fjórða lagi var öll eignaumsýsla sameinuð undir eitt svið, framkvæmda- og eignasvið, um síðustu áramót og tekin upp virk innri leiga á húsnæði borgarinnar. Bind ég miklar vonir við áhrif þessa á rekstur og langtímaáætlanagerð við fjárfestingar borgarinnar sem á að skila sér í hagkvæmri nýtingu lands og mannvirkja og auka þannig hag borgarinnar.

Í fimmta lagi vil ég nefna stórfelldar niðurgreiðslur sem voru gerðar á síðasta ári á lífeyrisskuldbindingum borgarinnar með inngreiðslum í Lífeyrissjóð starfsmanna

Bstj. 3. júní 2008

Reykjavíkurborgar. Niðurgreiðsla Reykjavíkurborgar til Lífeyrissjóðsins hefur bætt stöðu hans umtalsvert og leiddi til þess að gjaldfærsla borgarinnar vegna áfallinnar lífeyrisskuldbindingar á síðasta ári var nokkuð lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Í þessu felst mikilvæg stefnumörkun sem ég tel afar æskilegt að halda áfram að vinna eftir. Til lengri tíma virkar þetta til sveiflujöfnunar í aðalsjóði þar sem lækkun skuldbindingarinnar dregur verulega úr sveiflum í gjaldfærslu áfallinna skuldbindinga. Í ræðu minni við fyrri umræðu sagði ég að tekist hefði að snúa rekstri borgarinnar frá vaxandi hallarekstri og skuldasöfnun í einhverja bestu afkomu sem um getur. Með þessu átti ég við að skuldir A-hluta hafi farið verulega lækkandi, m.a. vegna niðurgreiðslu lífeyrisskuldbindinga, samtímis því að rekstrarniðurstaðan er með eindæmum góð. Hitt er ljóst að skuldir samstæðunnar fara hratt vaxandi og eru ákveðið umhugsunarefni.

Í sjötta lagi var byggð upp öflug sjóðsstaða borgarsjóðs á árinu í stað aukinnar eyðslu. Ég tel mikilvægt að horft verði til þess að nýta þessa sterku lausafjárstöðu til að byggja upp sterkt lánshæfi borgarinnar til framtíðar vegna fjárfestinga. Það mun skila sér í betri lánskjörum og minni fjármagnskostnaði en ella.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ytri endurskoðendur gefa innra eftirlitskerfi borgarinnar þá einkunn að það uppfylli þær grundvallarkröfur sem gera verður til virkni slíks kerfis, svo sem varðandi aðskilnað starfa, varðveislu eigna, skráningu upplýsinga og bókhaldsafstemmingar. En þeir segja jafnframt að ákveðinna úrbóta sé þörf og vísa í því sambandi bæði til endurskoðunarskýrslna Grant Thornton og athugasemda innri endurskoðanda frá 5. október 2006. Varðandi þessar athugasemdir segja ytri endurskoðendur að ábendingum hafi ekki verið fylgt eftir sem skyldi.

Þrátt fyrir að innra eftirlitskerfi borgarinnar sé að mörgu leyti ágætt ber okkur borgarfulltrúum að taka ábendingar ytri endurskoðenda varðandi ábendingar um umbætur á innra eftirlitskerfi borgarinnar alvarlega. Innra eftirlitskerfið á meðal annars að tryggja áreiðanleika fjárhagslegra upplýsinga. Í þessu samhengi vil ég einkum nefna eftirtalin atriði:

Mikil starfsmannavelta hefur verið meðal starfsmanna sem bera ábyrgð á vinnslu fjárhagslegra upplýsinga, meðal annars ársuppgjörum. Ég vænti þess að þær

Bstj. 3. júní 2008

umbætur í mannauðsmálum sem nú er unnið að á fjármálaskrifstofu og lýst er í greinargerð fjármálastjóra til borgarráðs dags. 26. maí sl. muni skila nauðsynlegum árangri.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að enn hafi ekki nýst sem skyldi sameining í eina bókhaldsdeild og eina launadeild. Ekki kemur nákvæmlega fram hvað liggur að baki þessu mati. Ég vil benda á að með þessum deildum hafi orðið til ákveðinn sveigjanleiki í þjónustunni við sviðin sem ekki hefði orðið ef sviðin hefðu hvert um sig orðið að finna nýja starfsmenn vegna bókhalds og launaafgreiðslu og þjálfa þá. Þá er á þessum nýju deildum mun hægar um vik að takast á við það verkefni að afgreiða laun og nota bókhaldslykla með samræmdum hætti og hefur allmikill árangur náðst að því leyti – þótt betur megi ef duga skal.

Mannauðsskrifstofa hefur þegar gert miklar breytingar á launakerfinu í framhaldi af athugasemdum innri endurskoðanda 2006 og ytri endurskoðanda 2007. Mikilvægt er að stjórnendur rýni vel og staðfesti launalista sem er eitt helsta eftirlitstækið og hins vegar að þeir fari eftir verklagsreglum þegar laun eru ofgreidd. Bent er á að afstemmingum viðskiptakrafna og lánadrottna sé ábótavant og hef ég beint því til fjármálaskrifstofu að bæta þar úr. Nú fer fram heildstæð rýning starfshópa á innheimtumálum borgarinnar og verkferlum þeim tengdum og stefnt að því að hrinda umbótum í framkvæmd þegar á árinu.

Í skýrslu ytri endurskoðenda er vikið sérstaklega að matsáhættu í tengslum við umfjöllun um Orkuveitu Reykjavíkur en teknar voru upp nýjar aðferðir við mat á eignum fyrirtækisins. Lagt er til að skerpt verði á reglum um eignafærslu, afskriftir og gjaldfærslu framkvæmdakostnaðar og bent á mikilvægi þess að forsendur fyrir mati á gangverði eigna verði að vera traustar. Tek ég undir þessar ábendingar ytri endurskoðenda. Í skýrslunni er einnig fjallað um ytri áhættu sem einkum er sögð bundin við vaxta-, verðlags- og gengisáhættu. Lántökurnar eru einkum hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Ytri endurskoðendur vekja athygli á að engin samræmd stefna virðist vera í A-hluta og B-hluta varðandi lántökur og áhættustýringu.

Varðandi skýrslu ytri endurskoðenda í heild vil ég að lokum segja að ég ætla ekki að rekja efni hennar nánar hér en ég mun fara yfir hana með embættismönnum og

Bstj. 3. júní 2008

kalla eftir aðgerðum til úrbóta eftir því sem tilefni er til. Ég vil hvetja alla borgarfulltrúa til að kynna sér efni skýrslu ytri endurskoðanda.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúar hafa ennfremur fengið skýrslu innri endurskoðanda. Innri endurskoðandi rekur athugun sína á virkni áhættustýringar og eftirlitskerfa hjá Reykjavíkurborg. Eitt brýnasta verkefnið að mati innri endurskoðanda er að borgin setji sér stefnumótun um áhættustjórnun sem styðji við stefnumið borgarinnar almennt. Slík stefnumótun er forsenda áhættustýringar. Ég tek heils hugar undir þessi sjónarmið innri endurskoðanda og mun beita mér fyrir því að markviss vinna í þessum efnum hefjist á næstu vikum. Það er mikilvægt fyrir borgarfulltrúa að þjónusta borgarinnar sé vel skipulögð og eins áreiðanleg og kostur er. Í skýrslu fjármálastjóra koma fram sömu sjónarmið og þar segir að brýnt sé að hefja kerfisbundna vinnu á fjármálaskrifstofu við kortlagningu verkferla, verklagsreglna og ábyrgðarskilgreininga og taka upp kerfisbundna áhættustýringu. Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar er ein mikilvægasta skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu borgarinnar og kjörnir fulltrúar og yfirstjórn borgarinnar verða að geta treyst á áreiðanleika hennar.

Innri endurskoðandi gerir grein fyrir leikreglum um fjárhagsáætlanagerð og þróun þeirra, ekki síst í ljósi eldri reglna um yfirfærslur fjárheimilda á milli ára. Innri endurskoðandi telur núll-grunnsaðferðina sem nú er í gildi eðlilega og bendir á að þriggja ára áætlun hafi nú mun meira gildi gagnvart gerð fjárhagsáætlunar ársins. Hann bendir á að í dreifstýrðu kerfi með miklu frelsi þurfi að endurskoða eftirlitsaðferðir. Athugasemdir innri endurskoðanda munu gagnast við rýningu á gildandi reglum um fjárhagsáætlunargerð. Ég ætla ekki að rekja skýrslu innri endurskoðanda hér nánar en hvet borgarfulltrúa til að kynna sér hana vel.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskaði við fyrri umræðu um ársreikning 2007 eftir upplýsingum um arðsemi eiginfjár eignasjóðs. Í minnisblaði er lagt var fram í borgarráði 29. maí sl. kom fram að arðsemi eignasjóðs árið 2007 hafi verið samkvæmt hefðbundnum matsaðferðum 16,1%.

Borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskaði sömuleiðis við fyrri umræðu um ársreikning 2007 eftir upplýsingum um hvaða hluti af tekjum af sölu byggingarréttar á árinu

Bstj. 3. júní 2008

2007 hafi ekki komið fram í tekjuskráningu ársins. Á fundi borgarráðs 29. maí sl. kom fram eftirfarandi:

Reynisvatnsás. Lóðum var úthlutað í desember 2007. Tekjur áætlaðar á árinu 2008 vegna þessa svæðis eru 684 m.kr. vegna sölu byggingarréttar og 346 m.kr. vegna gatnagerðargjalda.

Úlfarsfell. Allar lóðir sem úthlutað var á árinu 2007 voru greiddar á því ári. Hins vegar hefur þó nokkrum lóðum verið skilað og hefur þegar þurft að endurgreiða um 200 milljónir króna á þessu ári. Reiknað er með að lóðum sem hefur verið skilað verði endurúthlutað á árinu 2008.

Sléttuvegur/Lautarvegur. Lóðum var úthlutað í nóvember 2007. Allar nema fjórar greiddar á árinu 2007. Áætlað er að bjóða lóðirnar fjórar aftur út á árinu 2008.

Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskaði við fyrri umræðu um ársreikning 2007 eftir upplýsingum um sundurliðun ytri endurskoðenda á heildarskuldum milli lífeyrisskuldbindinga og annarra skulda fyrir tímabilið 2002-2011, sbr. töflu í skýrslu ytri endurskoðenda bls. 23. Svar ytri endurskoðenda var lagt fram í borgarráði 29. maí sl.

Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur jafnframt óskað eftir viðbrögðum fjármálastjóra og innri endurskoðanda við athugasemdum ytri endurskoðenda varðandi innra eftirlitskerfi Reykjavíkurborgar. Vísa ég um þetta efni til skýrslu innri endurskoðanda til borgarfulltrúa dags. 26. maí sl. og minnisblaðs fjármálastjóra til borgarráðs dagsett sama dag.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Reykjavíkurborg, eins og öll fyrirtæki landsins, stendur frammi fyrir erfiðum áskorunum. Hinni miklu uppsveiflu síðustu ára er lokið og við tekur óvissutími. Verðbólga fer ört vaxandi og skerðir kaupmátt almennings. Hún dregur sömuleiðis úr kaupmætti fjárheimilda sviðanna. Líkt og ég hef áður sagt, ættu stefnufesta og ráðdeild að vera höfð að leiðarljósi í fjármálastefnu borgarinnar. Ég hvet alla borgarfulltrúa til að sameinast um það að fjármunir séu nýttir til að veita góða þjónustu á hagkvæman og skilvirkan hátt.

Bstj. 3. júní 2008

Áður en ég lýk ræðu minni og legg til samþykktar ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007 vil ég rétt rifja það upp að gefnu tilefni að sú fjármálastjórn sem hér er til umræðu er að sjálfsögðu forsenda þess að borgarfulltrúar geti komið í verk þeim metnaðarfullu og góðu áformum sem þeir hafa, ekki síst í velferðar- og öryggismálum. Ég vil að gefnu tilefni og í ljósi þess mikla starfs sem hefur verið unnið nú þegar á þeim tíma frá því nýr meirihluti í borgarstjórn tók við, aðeins rifja upp stutta og gagnorða verkefnaálagningu þessa meirihluta sem nú starfar í borginni, með leyfi forseta, þar segir:

Reykjavíkurlugvöllur verður sýndur í óbreyttri mynd í aðalskipulagi á meðan rannsóknir standa yfir vegna nýs flugvallarstöðis á höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður tekin ákvörðun um flutning Reykjavíkurlugvallar á kjörtímabilinu.

Leitað verður leiða til að varðveita 19. aldar götumynd Laugavegarins og Miðborgarinnar eins og kostur er.

Framkvæmdir hefjist sem fyrst við mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Staðarvali og annarri undirbúningsvinnu vegna lagningu Sundabrautar verði lokið sem fyrst svo framkvæmdir geti hafist.

Áhersla verður lögð á að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Almenningssamgöngur verða eflar. Tilraun um frían aðgang í strætisvagna fyrir ákveðna hópa verður haldið áfram. Fargjöld í strætisvögnum verða felld niður hjá börnum og unglingum að 18 ára aldri sem og öldruðum og öryrkjum. Unnið verður að því að bæta leiðarkerfið og þjónustu við farþega.

Fjölgun hjúkrunarrýma og þjónustuþúða fyrir aldraða.

Efling og samþætting heimþjónustu og heimahjúkrunar.

Tekjumörk vegna niðurfellingar fasteignaskatta fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verða hækkuð verulega.

Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði verða lækkaðir á árinu.

Félagslegum leiguþúðum Reykjavíkurborgar verði fjölgað um 100 árlega 2008-2010 eða um samtals 300 á tímabilinu.

Framboð lóða fyrir fjölskyldur og atvinnurekstur verði tryggt.

Þjónusta leikskóla og grunnskóla verði aukin og faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði þeirra styrkt.

Bstj. 3. júní 2008

Unnið verður að því að auka öryggi í Miðborg Reykjavíkur í samvinnu við lögreglu, íbúa og rekstraraðila.

Átak verður gert í merkingu og varðveislu sögufrægra staða í borginni.

Lögð er áhersla á verndun óspilltrar náttúru og dregið verði úr mengun í borginni þannig að tryggja megi íbúum vistvænt og öruggt umhverfi.

Orkulindir í eigu Orkuveitu Reykjavíkur verða áfram í eigu almennings.

Þegar þetta er lesið upp má glögg sjá að mikið hefur verið unnið eftir þessum málefnasamningi og mikill árangur náðst á stuttum tíma. Það þarf ekki annað en að rifja upp nokkra hluta þessarar stefnumörkunar eins og leitað verði leiða til að varðveita 19. aldar götumynd Laugarvegjar og Miðborgar eins og kostur er, þar hefur þegar náðst mjög mikill árangur og allir hafa séð stakkaskiptin á Laugavegi og í Miðborginni að undanfögnu, þar sem hreinsun og fegrun hefur skilað miklum árangri og skipulagsvinna er í mjög markvissum og ákveðnum takti. Kúrsinn hefur verið settur skýrt með því að borgin hefur eignast yfirráð og fengið skipulagsvaldið á Laugavegi 4-6 og horninu á Austurstræti og Lækjargötu. Það er mjög þýðingarmikið og út frá þessum punktum getum við hafið þessa myndarlegu uppbyggingu, bæði á Laugaveginum, Kvosinni og annars staðar í Miðborginni sem mun örugglega verða góður vitnisburður um þennan meirihluta þegar fram líða stundir og fólkið sér þau verk sem mættu vera miklu, miklu meira til umræðu heldur en sú neikvæða umræða sem hefur verið um störf borgarstjórnar og í öfugu hlutfalli við þau miklu störf sem hér hafa verið innt af hendi.

Varðandi áhersluna á að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda þá er verið að vinna gríðarlegt átak í þessum málum einmitt varðandi lagningu göngu- og hjólreiðastíga sem aldrei fyrr í borginni.

Það er líka verið að stórefla almenningssamgöngurnar og við ætlum að ná enn meiri árangri í að auka þátttöku þar með því að fella niður fargjöld tiltekinna hópa, ekki bara námsmanna eins og þegar var búið að gera, heldur annarra tiltekinna hópa sem mun skila auknu aðgengi og betri nýtingu almenningssamgangna og vera hluti af því vistvæna samgöngukerfi, bæði almenningssamgangna, hjólandi og gangandi vegfarenda sem við viljum sjá eflast stórlega í borginni. Þar hefur svo sannarlega verið unnið kappsamlega að því að láta mál ganga fram.

Bstj. 3. júní 2008

Mjög kröftuglega er líka unnið að eflingu og samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar og mikil áhersla verið lögð á velferðarmálin og grunnþjónustuna í velferðar- og heilbrigðiskerfinu þar sem borgin kemur að.

Við lækkuðum verulega þegar á fyrstu dögum þessa meirihluta fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði, strax um 5% á fyrsta fundi borgarstjórnar nýs meirihluta, þannig að það loforð var að fullu efnt þegar í upphafi og við munum á næsta ári stórhækka tekjumörk vegna niðurfellingu fasteignaskatta fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Allir ættu að vita mjög vel um þá metnaðarfullu uppbyggingu sem verður og er þegar hafin í þjónustu við leikskóla og grunnskóla, með því að nýta fjárhagslegt sjálfstæði enn meira en gert hefur verið, þannig að það megi fá enn aukinn kraft og bættu þjónustu og hagkvæman rekstur í þágu íbúanna varðandi þessa málaflokka. Eins og við vitum öll þá er leikskóla- og grunnskólaþjónustan gríðarlega útgjaldafrekur og nauðsynlegur þáttur í rekstri borgarinnar og allir borgarfulltrúar mjög meðvitaðir um að þessa þjónustu verður að tryggja og efla.

Varðandi stefnuna um að auka öryggi í Miðborg Reykjavíkur í samvinnu við lögreglu, íbúa og rekstraraðila þá held ég að þar séu verkin látin tala með þeim hætti að eftir hlýtur að vera tekið og þess mun sjá stað eins og við lofuðum. Þann 17. júní verður allt annað að ganga um Miðborgina og Laugavegin heldur en núna og þá hyggjumst við koma upp sýningu á þeim skipulagsverkefnum og annarri breytingu sem þarna verður á næstunni til að kynna það vel fyrir borgarþúum. Ég held að það sannist svo eftir verður tekið að þessi þáttur málefnskrárinnar er svo sannarlega ekki orðin tóm heldur eru hér verkin svo sannarlega látin tala.

Varðandi áherslu á verndun óspilltrar náttúru, dregið verði úr mengun í borginni og tryggja íbúum vistvænt og öruggt umhverfi og varðandi það að tryggja að Orkuveitan og orkulindir í eigu almennings verði það áfram, þá er kúrsinn alveg skýr í þeim efnum. Það er mikill áfangi varðandi þessa stefnumótun að stjórn Orkuveitunnar hafi tekið tímamótaákvörðun varðandi virkjunar- og umhverfismál og samspil þessara þátta varðandi Bitruvirkjun sem mikil samstaða er um hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og væntanlega meðal almennings líka.

Bstj. 3. júní 2008

Ég nefni þetta vegna þess að af umræðunni mætti stundum ætla að þessi meirihluti væri ekki að gera mikið. Það er einungis reynt að hamra á því neikvæða í samstarfi minnihluta og meirihluta hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. En ég held að það sé ekki alveg sanngjarnt og eðlilegt að meirihluti sem byrjaði að setja sér stefnuskrá og hefur hrint miklu í verk á sínum fyrstu 100 dögum fái umfjöllun af því tagi sem verið hefur undanfarið, almennt neikvæða, hlutdræga og ósanngjarna umfjöllun og mætti helst halda að best væri að leggja upp með enga málefnskrá og gera lítið í 100 daga, þá hefði þessi meirihluti eflaust fengið allt aðra umfjöllun, því það er einungis reynt að tor tryggja það af ýmsum aðilum það góða sem þessi meirihluti er að gera, í staðinn fyrir að vinna með því að varpa ljósi á það hvað hér er vel unnið í þágu borgarbúa.

Ég er óhræddur við það þegar þar að kemur að leggja verk þessa meirihluta í dóm kjósenda því þeir munu dæma okkar af verkum en ekki tímabundinni umræðu sem er mjög á skjön við veruleikann og oft byggð á ótrúlegum forsendum og raunar stundum, að manni finnst, allt að því viðleitni til að draga ekki fram staðreyndir um hvað hér er verið að vinna og hverjir hagsmunir borgarbúa eru þegar upp er staðið, hvernig borgaryfirvöld vinna að málum hverju sinni.

Þær ómaklegu árásir á meirihlutann og ekki síst persónu þess sem hér stendur hafa auðvitað skilað tímabundnum árangri og við munum standa þær af okkur og ekki taka til bragðs með þeim hætti, eins og sumir hafa gert, að hafa uppi beinlínis rangfærslur og ótrúlegar umsagnir um persónur hvors annars og orðbragð sem mér finnst ekki hæfa í umræðunni hér. Ég hyggst ekki fara á það plan þó að mér hafi oft fundist sem svo að erfitt sé að sitja undir öllum rangfærslunum til að leiðrétta þær. En það verður fyrst og fremst gert með þeim verkum sem þessi meirihluti stendur fyrir og þau munu komast til skila. Stjórnámálameð þiggja umboð sitt frá kjósendum í kosningum og þá hafa þeir tækifæri til að láta dæma sig af verkum sínum. Það sem skiptir máli er ekki hver sigrar í skoðanakönnun heldur hvað kjósendur velja sér á hverjum tíma.

Ég held það sé stundum betra að láta málefnið ráða, láta verkin tala og láta úrslit kosninga ráða þegar upp er staðið heldur en tímabundnar kannanir byggðar á rangfærslum um umfjöllun um það sem hér verið að gera og er umræða af því tagi sem ég vildi ekki hafa orðið vitni að fram til þessa. En ég er í engum vafa um að

Bstj. 3. júní 2008

verkin munu tala og ég vona að þegar verður fjallað hér um stöðu borgarinnar á eftir að menn tali um málefni, deili um málefni og deili um áherslur og hvað þeir telji best fyrir fjármálastjórn borgarinnar og það velferðar- og öryggiskerfi borgarinnar sem við öll stöndum fyrir.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

## 8. mál Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það voru nokkur atriði sem komu fram í fyrri hluta ræðu borgarstjóra sem ég vil bara þakka honum og þeim sem hana unnu fyrir. En mér þótti nú seinni hluti ræðu borgarstjóra ekki vera til þess að keyra hér upp stemninguna í Borgarstjórn Reykjavíkur til að halda hér uppi góðum starfsanda og málefnalegu og þróttmiklu starfi, en hann verður bara að eiga það við sig. Það sem ég ætlaði að spyrja um, virðulegur forseti, var ákveðin stefnumótun sem kom fram í ræðu borgarstjóra sem ég átti ekki von á og hafði varað við. En það kemur fram að það sé stefna meirihlutans að fresta verkefnum og hægja á fjárfestingum vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum landsins. Þess sá fyrst stað í þriggja ára áætlun borgarinnar sem nýr meirihluti lagði fram og við í minnihlutunum vörudum strax við þessu og bentum á að við þessar aðstæður væri eðlilegra að setja kraft í fjárfestingar og framkvæmdir, bæði til þess að sporna gegn hugsanlega yfirvofandi atvinnuleysi og líka til þess að fá hagstæð verð í þær framkvæmdir sem fyrir hefur legið að fara í um langa tíð. Nú er þetta staðfest af borgarstjóranum og ég segi að það eru mikil vonbrigði vegna þess að ég hélt að meirihlutinn hefði tekið þessi varnaðarorð okkar minnihlutans til skoðunar. En því miður hefur það ekki borið árangur.

Það kemur líka fram í ræðu borgarstjóra að einkenni góðrar fjármálastjórnar þegar til langs tíma er litið væri auk áðurtalinna atriði einnig eftirfarandi, með leyfi forseta: „Að unnið sé að gerð langtíma fjárhagsáætlana í takt við langtíma skipulagsáform um íbúapróun og uppbyggingu fyrirtækja og þjónustukjarna í borginni.“ Síðan er seinna í ræðunni talað um mikilvægi þriggja ára áætlunar og jafnvel talað um að lengja þær í 5-7 ár. Ég vil í þessu sambandi minna Borgarstjórn Reykjavíkur á það að núverandi meirihluti hefur í raun fellt sína eigin þriggja ára áætlun innan þriggja mánaða. Og umræða í blöðum og hér í dag hjá borgarstjóra um göngustíg frá Ægisíðu og upp í Heiðmörk, að núverandi meirihluti í Borgarstjórn Reykjavíkur hefur slegið þær framkvæmdir af í sinni eigin þriggja ára áætlun. En ég mun koma betur að því síðar í minni ræðu hér á eftir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá er næstur á mælendaskrá borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

## 8. mál Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka borgarstjóra fyrir skrifaðan hluta ræðu sinnar sem fjallaði um ársreikning sem mér fannst að mörgu leyti skýrari og í betra samræmi við ársreikninginn og það viðfangsefni sem við erum að glíma við hér, heldur en fyrri ræða hans og þó fyrst og fremst fréttatilkynningarnar sem fóru út í tengslum við kynningu ársreiknings fyrir hálfum mánuði. Því að ég held ég hafi orðað það þannig í fyrri umræðunni hér að þessi ársreikningur einkennist af tvennu, annars vegar þenslu, þ.e.a.s. tekjurnar eru vanáætlaðar um 10 milljarða og mannekla ræður því að málaflökkarnir hafa ekki geta ráðið í öll stöðugildi og verður þannig til sparnaðar, og hins vegar hitt að gríðarleg eignarsala, 10 milljarðar í Landsvirkjun og 5 milljarðar í öðrum eignum, leiða til þess að umtalsverður rekstrarafgangur myndast. Það er hins vegar ekkert í þróun rekstrarútgjalda sem að ber vott um aðra fjármálastjórn heldur en á árum áður. Nema kannski það að gjaldtaka af eldri borgurum vegna mats og af barnafjölskyldum var hækkuð nokkuð en það hreyfir ekki stórum stærðum í þessu og var kannski hugsuð sem táknað aðgerð af hálfu Sjálfstæðisflokksins eftir að hann komst til valda, að hækka gjaldskrárnar á þá yngstu og elstu.

Það sem ég var ánægður með í þessari ræðu borgarstjóra var að slagorðaglamrið um viðsnúning í skuldaþróun borgarinnar var hvergi að finna vegna þess að það er heldur ekki að finna í ársreikningum borgarinnar. Það varð nefnilega enginn viðsnúningur í þróun skulda borgarsjóðs eða fyrirtækja borgarinnar á árinu 2007, líkt og meirihlutinn hélt fram fyrir tveimur vikum en er hættur nú. Staðreyndin er sú að skuldir A-hluta, þ.e.a.s. borgarsjóðs hafa verið að lækka jafnt og þétt allt frá árinu 2004 og þess vegna var fullkomlega rakalaust að tala um viðsnúning á því vegna góðrar fjármálastjórnar. Hafi hún verið góð 2007 þá var hún ekki síður góð árin þar áður. Þetta rugl mátti rekja til þess að hér var meirihlutinn að blanda saman breytingum á þróun lífeyrisskuldbindinga sem sannarlega breyttust mikið vegna sölunnar á Landsvirkjun og hins vegar skulda borgarsjóðs.

Þetta hefur nú verið leiðrétt eða skýrt frekar með upplýsingum frá ytri endurskoðendum, PricewaterhouseCoopers, sem að lagðar voru fram í borgarráði borgarráðsfulltrúum til glöggvunar og er ástæða til þess að rifja upp hér, að frá

Bstj. 3. júní 2008

árinu 2004 hafa sem sagt skuldir A-hlutans verið að lækka um þetta 4-8 milljarða ár frá ári og lækkuðu ekki meira en áður, reyndar aðeins minna á árinu 2007. En lífeyrisskuldbindingar skipta sannarlega máli og þær lækkuðu umtalsvert á síðasta ári, ekki vegna fjármálastjórnar heldur vegna sölu Landsvirkjunar, því að hlutabréfin sem komu þar fyrir hluta þess verðs voru lögð inn í lífeyrissjóðinn. Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hafi fengið smánarverð, sem auðvitað var reginhneyksli, fyrir hlut sinni í Landsvirkjun, þá hefur þetta þessi jákvæðu áhrif á lífeyrisskuldbindingarnar sem lækka þá.

Ársreikningurinn að öðru leyti, líkt og fyrri ár, ber þó með sér sterka fjárhags- og eignarstöðu en ástæða er til að áréttta það, eins og borgarstjóri gerði raunar í þessari ágætu ræðu eða fyrri partinum af henni hér í umræðunni, að það var ekki rekstrarafgangur af hefðbundnum rekstri þegar sala eigna er tekin til hliðar heldur raunar tap á árinu 2007. En sala Landsvirkjunar skilaði 10 milljörðum og eignir skipulagssjóðs 5,5 milljörðum sem eru stærstu stærðirnar í þessu.

Þannig að það er þá ágætt að það liggi fyrir hér við þessa seinni umræðu að þennan rekstrarafgang er ekki að rekja til góðrar fjármálastjórnar, enda voru engin dæmi eða tölur nefndar til merkis um breytta eða trausta fjármálastjórn umfram það sem var áður. Raunar liggur fyrir að sú sparnaðarnefnd svokallaða sem starfaði á fyrri hluta þessa kjörtímabils skilaði aldrei af sér, þannig að hönd sé á festandi. Borgarstjóri, þó með óbeinum hætti hafi verið, svaraði því til sem spurt var að, til hvaða skulda hann væri að vísa þegar hann segði að einhverjar skuldir væru farnar að lækka sem ekki hefðu lækkað áður, það voru sem sagt engar skuldir, þær hafa farið lækkandi í allnokkur ár.

En það sem var ekki síður athyglivert var að það rifjaðist upp fyrir borgarstjóra að heildarskuldir allrar samstæðunnar fari ekki bara hækkandi heldur stórum hækkandi á næstu árum, miðað við þriggja ára áætlun sem hér var mælt fyrir fyrir þremur mánuðum vegna mikilla fjárfestinga B-hluta fyrirtækjanna. Fyrir þessi svör sem og fyrir svörin við athugasemdum ytri endurskoðenda sem bárust að okkar frumkvæði og lögð voru fyrir borgarráð er þakkað. Ég held að þetta skýri umræðuna verulega. Það sem að ég saknaði hins vegar verulega í ræðu borgarstjóra, fyrir utan annars ágæta umfjöllun um leiðarljós við fjármálastjórn, er að þar kom ekki fram nein sýn eða svör við þeirri meginábendingu ytri

Bstj. 3. júní 2008

endurskoðenda að sá óróleiki sem verið hefur í borgarkerfinu og tilheyrandi starfsmannavelta á æðstu stöðum í stjórnkerfinu en líka í því sem lýtur að bókhaldi og fjármáladeildinni, að þar var ekki margt í lagt.

Í raun má þó kannski segja að þetta hafi verið tekið nokkuð föstum tókum í tíð 100 daga meirihlutans og þessar stöður skipaðar en þær höfðu verið í nokkuð lausu lofti áður. En það sem kannski liggur hér undir niðri og er ástæða þess að borgarstjóri fór ekki mikið út á þetta svið var að það leynist auðvitað engum sem umgengst æðstu yfirstjórn borgarinnar eða á í samskiptum við borgina er að það er pólitískur óstöðugleiki. Það er pólitískur óstöðugleiki sem hefur einkennt síðustu vikur og mánuði og það er pólitískur óstöðugleiki sem er í raun eitt stærsta og kannski alvarlegasta umhugsunarefni bæði almennings í borginni en einnig þeirra sem koma að fjármálastjórn, rekstri og stjórn fyrirtækja borgarinnar sem veldur áhyggjum hér um stundir. Það var augljóst af síðari hluta ræðu borgarstjóra að hann áttar sig algjörlega á því. Það er nefnilega ekki vinnandi vegur að stýra borg án umboðs, án trausts, án stuðnings. En það er engu að síður það sem er hlutskipti borgarstjóra með hinn sundurlausa Sjálfstæðisflokk sér við hlið. Hinn sundurlausa Sjálfstæðisflokk sem eyðir mestri orku í innbyrðis átök.

Við vitum auðvitað hvernig þessi meirihluti kom til, hann tók við við mjög sérstakar aðstæður þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði vikið sínum stefnumálum til hliðar og sett borgarstjórastólinn á uppboð. Þegar kom í ljós að aðeins 27% borgarbúa voru ánægð með meirihlutann, þá var sagt: „Við ætlum að láta verkin tala.“ Núna meira en þremur mánuðum síðar þegar helmingi færri nánast lýsa sig ánægða með þennan meirihluta og stærsti flokkurinn sem að honum stendur hrapar í fylgi, þá er ekki lengur sagt: „Við ætlum að láta verkin tala“ heldur er þá sagt: „Við ætlum að tala um verkin vegna þess að það er búið að koma óorði á verkin.“

En ég verð að hryggja borgarstjóra með því að ég held að það sé almenn upplifun þeirra sem koma að stjórn borgarinnar að það verður ekki nóg, því að hluti af því ábyrgðarleysi sem er nú að bitna á núverandi meirihluta flokkum en er sameiginlegt verkefni okkar í borgarstjórninni – og þar tek ég undir með borgarstjóra – er að Reykjavík eins og önnur fyrirtæki – og nú vitna ég beint í ræðu borgarstjóra: „...stendur frammi fyrir erfiðum áskorunum.“ Það er óvissutími, verðbólga fer vaxandi, hún skerðir kaupmátt almennings, þeir sem eiga íbúðir og eignir og

Bstj. 3. júní 2008

skulda mikið, hafa eðlilega áhyggjur. Það er einmitt þess vegna sem að borgarbúar m.a. gera athugasemdir við hvernig núverandi meirihluti hefur haldið á umboði sínu gagnvart borgarbúum og gagnvart borgarstjórninni. Það þýðir ekkert þar að vísa til 19. aldar götummyndar vegna þess að það eina sem hefur minnt á hana á síðustu vikum og mánuðum við stjórn borgarinnar er í raun bárujárnshúsið sem hefur flotið hér í hálfu kafi í Tjörninni og slitnaði upp um helgina í mótvindinum og rak upp á land og var híft úr Tjörninni í morgun í einhvers konar hreinsunarskyni, vegna þess að annað eru bara orð og raunar fjáraustur í Laugaveg 4 og 6.

Ég held að þegar við erum að tala um veruleika og að takast á við hann þá þurfi meirihlutinn að takast á við eigin stöðu, gera hreint fyrir sínum dyrum og stíga einhver raunveruleg skref til að ná aftur því trúnaðartraust og tiltrú borgarbúa, starfsfólks borgarinnar, starfsfólks fyrirtækja borgarinnar, sem er nauðsynlegt til þess að stýra Reykjavík farsælega, ekki síst á þeim tímum sem við lifum nú og eins og staðan er gagnvart viðfangsefnum borgarstjórnar og efnahagsmálum almennt.

En þakka ber það sem þakka má og það finnst mér sérstaklega vera það í ræðu borgarstjóra að hann horfist í augu við það að staðan er alvarleg. Það þarf sterka stjórn og festu til að takast á við hana og hann skildi slagorðaglamrið um viðsnúning í skuldaþróun eftir heima, vegna þess að tölurnar tala öðru máli.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Svandís Svavarsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Við aðra umræðu um ársreikning Reykjavíkurborgar er rétt að byrja á því að þakka fyrir sérstaka fundi fyrir borgarfulltrúa um meginniðurstöðu reikningsins og þeim starfsmönnum sem þar komu að og að auki innri og ytri endurskoðanda. Slíkir fundir eru til bóta og mikilvægir fyrir þá sem um reikninginn þurfa að fjalla hér og ber að þakka.

Áður en lengra er haldið ber að halda því til haga að þessi ársreikningur er um margt sérstakur fyrir það sérstaklega að allir flokkar hafa verið við stjórnvölinn á því ári sem er til umfjöllunar. Það sem skýrir góða útkomu er sala eigna, mannekjan, álagið á starfsfólkið okkar, það eru ytri þættir, það er þensla. Mikið hefur mætt á starfsfólki borgarinnar, það hefur mætt mikið á leikskólunum, grunnskólunum, hjúkrunarheimilunum og um allt borgarkerfið á árinu 2007, á öllum sviðunum, í Ráðhúsinu og alls staðar og það skýrir niðurstöðu reikningsins að stórum hluta og verður að því vikið sérstaklega síðar.

Frú forseti. Nú í byrjun sumars eftir sérstaklega viðburðarríkan vetur í borgarpólitíkinni ber svo við að samkvæmt skoðanakönnunum eru það ríflega 2 af hverjum 3 Reykvíkingum á kosningaaldri sem lýsa óánægju með störf Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra í nýrri Gallup-könnun. Borgarstjórnarmeirihlutinn fær afar dapra einkunn, nærri 3 af hverjum 4 lýsa óánægju með hann. Sérstaklega var spurt um afstöðu til borgarstjórans en þetta er í annað sinn sem Gallup hefur kannað ánægju með störf borgarstjórans í Reykjavík. Einungis 9% svarenda segjast ánægð með störf hans en í janúar var hlutfallið 16%. Þegar svo er spurt um meirihluta Sjálfstæðisflokksins og F-lista lýsa 14% svarenda ánægju með meirihlutann en voru 27% í janúar þegar meirihlutinn var nýmyndaður og þótti mörgum lítið.

Fylgið hrynur af Sjálfstæðisflokknum, meirihlutinn er óvinsælli en nokkru sinni fyrir og enn færri eru ánægðir með borgarstjóran sem segist láta verkin tala eða einungis um 9%. Oft hefur verið talað um hrun, góðir borgarfulltrúar, en staðan er að verða óbærileg fyrir Sjálfstæðisflokkinn og ljóslega komið að sársaukamörkum flokksins. Ábyrgð þeirra er mikil sem leiddu saman meirihluta Sjálfstæðisflokksins og Ólafs F. Magnússonar, það blasir við. Ábyrgð þeirra er mikil sem litu á þetta

Bstj. 3. júní 2008

sem góðan kost, sögðust ætla að láta verkin tala, héldu fund á Kjarvalsstöðum og beittu sér fyrir því að mynda óvenjulega óvinsælan, raunalegan og klaufalegan meirihluta í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Í umræðunni þessa dagana um fylgishrun Sjálfstæðisflokksins og borgarstjóra án fylgis, hafa tveir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins látið ná í sig um málið og má ég þá til, með leyfi forseta, að vitna sérstaklega í þeirra orð, þar sem borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, segir í fréttum að meirihlutinn hafi fengið við erfið mál undanfarið og þau hafi vakið athygli. Góðu málin hafi fengið minni athygli. Hann nefnir þar leikskólamál, búsetuúrræði fyrir aldraða, bættar strætósamgöngur o.fl. Vilhjálmur segir auðvelt að benda á góðan árangur sem sjáist best á afar góðri rekstrarniðurstöðu borgarinnar.

Síðar kom fram í fréttum Sjónvarps í viðtali við borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldursson, með leyfi forseta: „Við höfum ekki geta gert það [þ.e.a.s. að sýna fólki að okkur sé treystandi til að stýra borginni vel] m.a. vegna þess að við höfum verið að vesenast í litlum pirrandi málum sem hafa tekið upp okkar tíma og tíma í fjölmiðlum í staðinn fyrir að vera að fókusera á stóru málin, eins og t.d. góða fjármálastjórn allt síðasta ár.“

Þessar skýringar borgarstjóraefnanna tveggja eru býsna merkilegar. Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson talar sérstaklega að það væri nær að tala um leikskólamál meðal annars. Þá spyr sú sem hér stendur – hvaða leikskólamál? Áformin um að færa hluta af leikskólum borgarinnar til einkaaðila eða um heimgreiðslurnar? Eru það góðu verkin sem borgarfulltrúinn vill hreykja sér af? Hann vill tala um bætta fjármálastjórn. Hvað vill hann tala um varðandi bættar strætósamgöngur?

Svar borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar er um margt kúnstugra. Þessi tilvitnun sem hér var farið með áðan: „vegna þess að við höfum verið að vesenast í litlum pirrandi málum sem hafa tekið upp okkar tíma í fjölmiðlum“ –það hlýtur út af fyrir sig að vera áhugavert að fjalla um þessi litlu pirrandi mál sem hafa verið meirihlutanum fjötur um fót – hvaða mál eru þessi litlu pirrandi mál? Er það REI-málið? Er það ráðningarmál framkvæmdastjóra miðborgarmála? Er það upphlaup borgarstjórans um Vatnsmýrarskipulagið? Var það lítið og pirrandi mál? Er það

Bstj. 3. júní 2008

umræðan um Bitruvirkjun sem var lítið og pirrandi mál? Hvar eru þessi litlu pirrandi mál?

En þegar borgarfulltrúinn vill nefna stóru, góðu málin segir hann, með leyfi forseta: „...eins og t.d. góða fjármálastjórn allt síðasta ár.“ Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson vill líka tala um bættu fjármálastjórn, rétt eins og borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson en ekki um þessi fjölmörgu, litlu, pirrandi mál, sem að samkvæmt síðari hluta ræðu borgarstjóra hér áðan eru hluti af ástæðunni fyrir því dæmalaus fylgishruni sem blasir við skv. skoðanakönnunum. Báðir vitna sérstaklega í umræddan ársreikning sem vitnisburð um góða fjármálastjórn en í hverju liggur þessi bættu fjármálastjórn og hvað felur í sér góða fjármálastjórn?

Erum við sammála í sjálfu sér um þá mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar þegar við tölum um góða fjármálastjórn? Það væri út af fyrir sig ágætis vegferð og gagnleg að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvað við teldum ásættanlegt sem góða fjármálastjórn, því að nú er það svo að þó að reikningur Reykjavíkurborgar sé ágætt og gagnlegt plagg og um það fari menn og konur sem eru sérfræðingar í debet og kredit þá er þetta augljóslega líka pólitískt plagg og er lagt fram í þeim tilgangi. Reikningurinn er góður af ýmsum ástæðum en líka ástæðum sem alls ekkert snúast um góða fjármálastjórn og tek undir þau orð borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar hér sem benti ágætlega á það að umræðan um viðsnúninginn virðist vera fyrir bí, enda hefði hún verið og er úr lausu lofti gripin.

Reikningurinn er afrakstur árs þar sem allir flokkar í borgarstjórn voru við stjórnvölinn og því fánýtt að berja sér á brjóst fyrir það fyrir núverandi meirihluta. Allir borgarbúar óttast hins vegar að núverandi meirihluti skaði þessa stöðu. Reikningurinn er afrakstur árs sem einkenndist af þenslu og þess vegna liggur fyrir að um er að ræða hækkun tekna milli ára, þar sem skatttekjur vega þungt, tekjuskattur og aðrar tekjur. Þannig má rekja þennan hluta til þenslu í efnahagslífínu, þenslu sem nú er gengin yfir og ekki sér fyrir endann á hvernig komi til með að enda. Tekjur vegna fjármagnsliða sem skýrast fyrst og fremst af söluhagnaði vegna Landsvirkjunar. Enn vegna þenslu og ytri aðstæðna en ekki sérstökum tilþrifum í stjórn borgarinnar. Eignasala er hér nefnd og þar er um að ræða töluvert mikla eignasölu sem sér stað í reikningnum hátt í 5 milljarða króna.

Bstj. 3. júní 2008

Það gefur auga leið að þar er ekki um ótakmarkaða auðlind að ræða og í sjálfu sér ekki endilega til marks um góða fjármálastjórn að selja eigur sínar og þykjast svo hafa farið vel með fé þegar afgangur er í buddunni. Mikilverðast er kannski það að manneklan var verulega þung og erfið fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar á árinu 2007 og hluta góðrar útkomu ársins má einfaldlega rekja til þess að starfsfólkið lagði á sig meira en ella og því að borgarbúar urðu af þjónustu eða þurftu að bíða hennar lengur en eðlilegt getur talist. Þannig ætti almenningur í Reykjavíkurborg og starfsfólk Reykjavíkurborgar sem lagði mikið á sig fyrir mannekluna líka þakkir skilið fyrir þann hluta „góðrar fjármálastjórnar“. Ef hægt hefði verið að manna allar stöður á leikskólum, grunnskólum, hjúkrunarheimilum hefði útkoman orðið önnur. Það sama gildir að sjálfsögðu um fleiri þjónustubætti Reykjavíkurborgar. Það þarf að skoða í hörgul ástæðu góðrar stöðu og það er til marks um erfiða málefnaströðu meirihlutans að þurfa að skreyta sig með því sem skýrist allt saman að utanaðkomandi ástæðum. Sala á hlut borgarinnar í Landsvirkjun fer að verða vandræðalegt að telja upp sem sérstök tilþrif í stjórn Reykjavíkurborgar, því þar varð Reykjavíkurborg sannarlega af gríðarlegum upphæðum, við sjáum það alltaf betur og betur – og raunar framhjá borgarstjórn og borgarráði á sínum tíma. Flaustur sem einkenndi þá sölu og hroðvirknisleg vinnubrögð má ætla að hafi svipt borgina milljörðum króna og flaustur er þar miklu nær lagi en góð fjármálastjórn.

Frú forseti. Þann 24. janúar sagði þá nýkjörinn borgarstjóri:

En ég vil fullvissa Reykvíkinga um að nýr meirihluti gengur samhentur og einbeittur til starfa með skýran málefnaáætlun til grundvallar. Ég hef fundið það vel síðustu daga að þessi hópur er staðráðinn í því að láta hendur standa fram úr ermum og láta verkin tala.

Hvernig hefur sú vegferð gengið, frú forseti? Verkin hafa nú talað frá í janúar. Borgarbúar hafa ekki skipt um skoðun, síður en svo. Þótt vissulega sé valt að treysta skoðanakönnunum geta skilaboðin vart verið skýrari. Aðeins 14% eru nú ánægð með meirihlutann og aðeins 9% með borgarstjórnann. Er hægt að tala skýrar? Meirihlutinn fékk tækifærið og hefur farið illa með það. Í 130 daga fékk þessi meirihluti tækifærið sem hann hefur farið illa með.

Bstj. 3. júní 2008

Margir hafa lýst sérstökum áhyggjum af því að hinn óvinsæli meirihluti hafi sett blett á Borgarstjórn Reykjavíkur. Borgarstjóraembættið hefur látið á sjá. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur beðið hnekki. En síðast en ekki síst hefur borgin nú misst það forystuhlutverk sem hún hefur haft meðal sveitarfélaga og þannig hefur hún varpað skugga á sveitarstjórnarstigið allt. Það er mjög alvarleg staða sem Sjálfstæðisflokkurinn og Ólafur F. Magnússon ber ábyrgð á og þessa virðingu verður að endurreisa. Aðalábyrgðin í þessu máli er hjá Sjálfstæðisflokknum og það sjá allir nema forysta flokksins.

Frú forseti. Megináhersla okkar Vinstri grænna að því er varðar samfélagssýn er að borgin sé sameiginlegt viðfangsefni borgarbúa. Fyrst og fremst samfélag. Því snýst rekstur skóla, heilbrigðisstofnana, sorphirðu og almenningssamgangna ekki um hagnaðarvon eða viðskiptatækifæri heldur fer þar hluti samfélagsþjónustunnar. Samfélagshugsunin byggir á samstöðu, samhygð og samábyrgð, hagsmunum margra og hagsmunum heildarinnar. Sú hugsun þarf að eiga greiðari aðgang að pólitískri umræðu. Hana þarf að endurreisa og sérstaklega þegar þung krafa markaðarins sér allt sem möguleika til hagnaðar og viðskipta. Gróðahygðjan, græðgisvæðingin og þröng einstaklingshugsunin hefur verið á kostnað góðs samfélags fyrir alla.

Við leitumst við að standa þessa vakt. Meira er ekki endilega betra. Oftar, herra, dýrara og fleira er ekki heldur endilega betra. Það er líka viðfangsefni stjórnmalanna að fjalla um gildi, forgangsröðun og samfélagsgæði í víðari skilningi. Hljóðlát stund felur í sér gæði. Samvera og einlægni felur líka í sér gæði. Fjölskylda, vinátta og traust sömuleiðis. Þessi gildi og þessi gæði eru ekki með beinum hætti viðfangsefni stjórnmalanna en við verðum samt sem áður að leitast við að rýra ekki möguleikana til slíkra gæða með ákvörðunum okkar með beinum eða óbeinum hætti. Viðfangsefni okkar er að skapa skilyrði hvers og eins, sérhverrar manneskju til að lifa með reisn alla ævi. Líka að stemma stigu við því að yfirgangur, græðgi og frekja fárra takmarki frelsi hinna til að njóta tækifæra og möguleika sem samfélagið og lífið býður upp á. Það er okkar mat að slík skilyrði sköpum við með því að ryðja hindrunum úr vegi, tryggja óhindrað aðgengi allra og stuðla að þátttöku þeirra sem ekki eiga greitt með aðgang að áhrifum og valdi. Ekki til að veita ölmusu heldur vegna þess að sérhver manneskja hefur eitthvað til

Bstj. 3. júní 2008

samfélagsins að leggja og á rétt á því. Þannig verður samfélag til. Án fjölbreytileikans verður það rýrt, einsleitt og tileinkað þeim sterku, ríku og freku. Þannig samfélag viljum við ekki.

Frú forseti. Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum borgarinnar fyrir þeirra þátt í góðum ársreikningi, starfsmönnum fjármálaskrifstofu, endurskoðendum og öðrum sem hafa komið að gerð reikningsins með beinum hætti. Að lokum vil ég í fullri einlægni þakka borgarfulltrúum samstarfið á sögulegum vetri og óska þeim ánægjulegs sumars.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Um þann ársreikning sem liggur fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur fyrir árið 2007 má segja í stuttu máli að það sé góð útkoma sem þar er sýnd. Gjöld eru í jafnvægi og það er það sem við eigum að horfa til, að áætlanir okkar standist og það er vissulega fagnaðarefni þegar gjöld Reykjavíkurborgar fara ekki fram úr áætlunum og það er þakkarvert og ber að þakka þeim sviðsstjórum og öðrum þeim sem stjórna þeim málaflokkum og halda sig innan ramma. Hins vegar kemur fram í þessum ársreikningi að tekjur Reykjavíkurborgar voru umtalsvert meiri heldur en áætlunin gerði ráð fyrir og er það ekki nema jákvætt.

En það vekur samt sem áður upp spurningar með hvaða hætti þessar tekjuáætlanir eru gerðar og hvort að embættismenn okkar eða þá við sjálf, kjörnir fulltrúar og meirihluti á hverjum tíma, hafa tilhneigingu til þess að gera frekar varfærnar tekjuáætlanir heldur en hitt. Það kann vel að vera að það sé heppilegt en það væri þá sem sé ágætt að borgarstjóri færi þá yfir það hvernig menn horfa til þess þegar menn leggja fram tekjuspár og tekjuáætlanir. Við þurfum líka að velta því fyrir okkur hvað veldur því ef áætlanir standast ekki og ég tek eftir því í þessum ársreikningi að sumt af samningum sem gerðir voru árið 2006 og 2007, eru færðir inn á ársreikning 2007 og sumir 2008. Ég lagði fram nokkrar spurningar í fyrri umræðunni þess efnis sem mér bárust svör við og borgarstjóri gerði ágætlega grein fyrir í fyrri hluta sinnar ræðu.

Vegna þeirrar spurningar minnar um tekjur af sölu byggingarréttar sem úthlutað var á árinu 2007 komi til greiðslu á árinu 2008 kemur fram í minnisblaði Kristínar Einarsdóttur og Ágústis Jónssonar hjá framkvæmda- og eignasviði að þeim lóðum sem úthlutað var við Reynisvatnsás árið 2007 að tekjurnar af þeirri lóðaúthlutun verða bókfærðar árið 2008. 684 milljónir koma til vegna sölu byggingarréttar og 346 milljónir króna vegna gatnagerðargjalda eða samtals 1030 milljónir. Ástæðan fyrir því að ég velti þessu upp er að það skiptir máli fyrir okkur þegar við síðan skoðum ársreikninginn 2008, að þar munum við sýna betri fjárhagsafkomu sem nemur einum milljarði heldur en raunverulegt tekjuár ársins er. En eins og fram hefur komið þá erum við að sigla inn í þrengingar í efnahagsmálum og borgarstjóri

Bstj. 3. júní 2008

hefur sjálfur staðfest það hér eina ferðina enn að það stendur ekki til að bregðast við því með því að keyra upp framkvæmdastigið.

Ég held það geti verið ágæt hagfræði fyrir einstaklinga og fyrirtæki að draga saman og spara við þrengingar í efnahagsmálum. En það er ekki þar með sagt að það sé góð fjármálaspeki eða fjármálapólitík fyrir sveitarfélag sem er ekki bara fyrirtæki heldur samfélag allra þeirra sem í borginni búa. Ég held að Reykjavíkurborg ætti í ljósi þessa að horfa til þess að fara í margar af þeim framkvæmdum sem lengi hefur staðið til að fara, eins og í stórkostlegt viðhald og endurbyggingu gangstíga og gatna í borginni sem fyrsti meirihluti þessa kjörtímabils lagði upp með en sá meirihluti sem nú ríkir hefur í raun og veru slegið af í sinni þriggja ára áætlun. Þetta er gert bæði til þess að fegra borgina, til þess að ná góðum, hagstæðum samningum við verktaka og fyrirtæki sem það vinna, en líka til þess að sporna gegn hugsanlega yfirvofandi atvinnuleysi sem við kunnum að standa frammi fyrir. Nú er ég ekki að spá því að svo verði en það eru margar blikur á lofti að svo geti orðið og þess vegna væri mun heppilegra fyrir Reykjavíkurborg að bregðast við því strax heldur en að gera það eftir að atvinnuleysið er skolið á. Þetta hefur verið málflutningur minn hér í Borgarstjórn Reykjavíkur frá því að þriggja ára áætlun var fyrst kynnt og ég held að hann sé seint endurtekin of oft.

Ég spurði líka í umræðum um fyrri áætlun ársreikningsins hver væri arðsemi eiginfjár eignasjóðs. Það kom einnig fram í ræðu borgarstjóra áðan að arðsemi eiginfjár eignasjóðs á árinu 2007 hafi verið um 16,1%. Ég held að menn geti bara sæmilega vel við það, en það sem kannski vakti sérstaka athygli er það að þetta er ekki nein sérstök krafa inn í fjárhagsáætluninni, inn í ársreikningnum, heldur var þetta einhver stærð sem þurfti að leita að og grafa uppi. Ég sé það í raun og veru fyrir mér í framtíðinni að það sé frekar hlutverk aðalsjóðs borgarinnar og þá borgarráðs, að setja stjórn eignasjóðsins í raun og veru ákveðna arðsemiskröfu. Þannig að það sé í raun og veru það markmið sem aðalsjóðurinn setur sér eða eignasjóðurinn sem fer með allan rekstur á eignum, götum og lóðum, að menn reyni að hámarka arðsemi þeirra eigna og þess fjárhagsáætlun sem þeim er falið.

Ég fór á milli umræðna yfir samskipti innri og ytri endurskoðunar og ég sé ekki betur en að þetta fyrirkomulag sé að mörgu leyti gott að við séum með tvenns

Bstj. 3. júní 2008

konar endurskoðun, þ.e.a.s. innri endurskoðun sem er hér nálægt allri ákvarðanatöku og síðan ytri endurskoðun, virt endurskoðunarfyrtæki sem fer yfir gögnin síðar, spyr spurninga og kallar eftir svörum um einstaka þætti. Mér sýnist á öllu að þessi samskipti sé með besta móti og ég held að þetta sé verklag sem við eigum að halda áfram að nýta okkur og læra af.

Eitt af stærstu verkefnum ársins 2007 og er einnig hluti af verkefnum ársins 2008 er flutningur nokkurra sviða og deilda inn í Höfðatorgið. Menn vænta mikils af þeim flutningi, að það muni stytta boðleiðir og bæta skilvirkni kerfisins að mörg svið og deildir séu undir sama þaki og ég tek undir það. Hins vegar langar mig til þess að rifja upp að þegar ákvörðun var tekin um það að leigja húsnæðið að Höfðatorgi þá urðu hér uppi nokkur pólitísk deilumál vegna þessa og það snerist um það hvort Reykjavíkurborg ætti að leigja húsnæði undir starfsemi sína í stað þess að eiga það sjálf. Ég verð að segja það sem fyrrverandi formaður framkvæmdaráðs Reykjavíkur að ég tel að það sé mun heppilegra fyrir Reykjavíkurborg að reyna að eiga sem flest af sínum fjárfestingum og fasteignum. Það eru fá fyrirtæki í landinu sem búa yfir jafnmikilli þekkingu og reynslu á sviði framkvæmda og reksturs fasteigna og þess vegna held ég að það eigi að vera meginstefna Reykjavíkurborgar að eiga sitt eigið húsnæði en því fylgir í raun og veru töluverð ábyrgð og það er ekki nóg að halda uppi slíkri sjálfseignarstefnu ef menn hafa síðan ekki kjark til þess að taka ákvarðanir um stórar framkvæmdir. Ég held að gamla fjárhagsáætlunarkerfi Reykjavíkurborgar þar sem fjárfestingarnar settu rekstaráætlanir ársins yfirleitt á hliðina, hafi í raun og veru komið í veg fyrir það að kjörnir fulltrúar höfðu kjark til þess á sínum tíma að fara út í nauðsynlegar fjárfestingar til þess að byggja yfir sína eigin starfsemi.

Þegar sú ákvörðun var tekin að selja lóð Vélamiðstöðvarinnar á sínum tíma til einkaaðila til uppbyggingar, þá gaf Reykjavíkurborg það tækifæri frá sér að byggja upp undir sína eigin starfsemi á þessu svæði og þá var stefnumótunin tekin. Ég er ekki með þessu að segja að það hafi verið röng ákvörðun á þeim tíma vegna þess að við þær aðstæður bjuggum við við allt annað fjárhagsáætlunarkerfi heldur en við búum við í dag. En ég held að þegar við horfum til framtíðar þá eigum við að horfa til þess að eiga og reka okkar eigið húsnæði og hafa þá líka kjark til að taka slíkar nauðsynlegar ákvarðanir þegar skórin kreppir að.

Bstj. 3. júní 2008

Í ræðu borgarstjóra kom fram að það væru nýjar reglur í fjárhagsáætlunargerðinni og það kemur ágætlega fram líka í samskiptum innri og ytri endurskoðunar. Eins og ég skildi þessar grundvallarbreytingar á fjárhagsáætlunargerðinni þá snerust þær um það að stefnumótunarþátturinn, þ.e.a.s. aðkoma stjórnámálamannanna og meirihlutans á hverjum tíma kæmi fyrir að. Eins og við þekkjum fjárhagsáætlunarferlið þá hefur það verið unnið á vorin og sumrin og fram á haustin. Það má segja að þegar þessi vinna er á lokastigi þá fyrst koma hinir kjörnu fulltrúar að stefnumótuninni. Eins og ég skildi breytingarnar á síðasta ári þá átti sem sagt að vinna vinnuna þannig að stjórnámálamennirnir mótuðu stefnuna í febrúar, mars, apríl, ekki seinna og eftir það færi embættismannakerfið að vinna úr því og síðan myndi það skila af sér einhverjum drögum til hinna pólitískt kjörnu fulltrúa með haustinu og þá til lokayfirferðar. En ég sé ekki betur, þrátt fyrir orð borgarstjóra hér áðan en að menn séu í raun og veru enn í sama farinu. Núna stöndum við hér í byrjun júní, og meirihlutinn upplýsir mig þá um það ef það er ekki rétt, en ég hef ekki orðið var við að þessi stefnumótunarvinna hafi farið fram á fyrri hluta ársins, eins og hugmyndirnar gerðu ráð fyrir í upphafi.

Aukið vægi þriggja ára áætlunar og samfelluna í gangverki fjárhagsáætlunar var líka til umræðu hér í dag. Ég verð að segja það að eins og þetta hefur verið þá hefur í raun og veru lítið ráðrúm gefist til þess að vinna þriggja ára áætlunina eftir að fjárhagsáætlun hefur farið fram eða a.m.k. fyrir hina kjörnu fulltrúa. Það getur verið að starfsmenn borgarinnar hafi haft betri og lengri tíma til að vinna það en það kemur með talsvert miklum hraða. Mér finnst, þegar borgarstjóri talar fyrir því að við eigum að vinna samkvæmt áætlunum til langs tíma, þá vil ég rifja það upp sem ég gerði reyndar hér í andsvari áðan, að sú þriggja ára áætlun sem núverandi meirihluti ber ábyrgð á, náði því ekki að verða þriggja mánaða gömul þegar meirihlutinn var hættur að vinna samkvæmt henni. Ég tel að það sé mikill ábyrgðarhluti og ég undrast það í raun og veru að borgarstjóri skuli sérstaklega draga þetta fram í sinni ræðu vegna þess að ég man ekki eftir neinum borgarstjóra sem hefur gerst jafn brotlegur í áætlunargerð borgarinnar eins og sá sem nú situr.

Það má fyrst nefna að í þriggja ára áætluninni er gert ráð fyrir einum milljarði í niðurskurð til íþróttamannvirkja til ársins 2011 frá þeirri áætlun sem borgarfulltrúi Framsóknarflokksins þá, Björn Ingi Hrafnsson, hafði forystu um að gera fyrir

Bstj. 3. júní 2008

Íþróttamálin. Eins og ég sagði áðan að innan þriggja mánaða frá þeirri áætlun þá er Borgarstjórn Reykjavíkur núna búin að ráðstafa öllu því framkvæmdafé til íþróttamála út kjörtímabilið sem þeir sjálfir gera ráð fyrir. Það sama má eiginlega segja um hjólreiðastíginn sem borgarstjóri gerði að sérstöku umfjöllunarefni hér áðan að það er gert ráð fyrir fjármunum til þess verkefnis á árinu 2008 samkvæmt fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun fyrsta meirihluta þessa kjörtímabils en núverandi meirihluti hefur sjálfur slegið af en talar samt sem áður engan veginn fyrir framkvæmdunum. Þetta er vægast sagt ruglingslegt, ágæti forseti, og ég held að meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur, bæði formaður umhverfis- og samgönguráðs og borgarstjóri þurfi að gera betur grein fyrir þessu.

Ef ég held áfram að vitna til samskipta innri og ytri endurskoðunar kemur fram að það hafi ekki náðst sá árangur sem vænta mátti með því að gera bókhalds- og launadeild að miðlægum stoðdeildum á rekstur Reykjavíkurborgar og þannig huga betur á ábyrgð aðila á afstemmingum. Innri endurskoðun reiknar með því að þetta horfi til betri vegar þegar deildirnar muni starfa saman undir sama þaki. Ég held að við eigum bara að vænta góðs af því. Hins vegar vil ég rifja það upp að eins og ég fylgdist með í samskiptum eignasjóðs og fjármálaskrifstofunnar eða bókhaldsins þegar menn voru að velta fyrir sér hugmyndum um stofnun eignasjóðsins á sínum tíma og menn töluðu um mikilvægi þess að eignasjóðurinn væri fjárhagslega sjálfstæður, að þá var talað um það í pólitíkinni og menn voru sammála um það þar að í staðinn fyrir að horfa til þeirrar innri leigu sem lengi hafði tíðkast hér í borgarstjórninni sem var í raun og veru hrein og klár bókhaldsfærsla, að menn voru bara með ákveðinni húsnæðisramma sem færir bara sjálfkrafa á milli sviða eftir því sem húsnæðisþörfin jókst, að þá yrði leigan raunveruleg og eignasjóðurinn myndi senda út reikninga fyrir húsaleigunni, þannig að þetta yrðu svona raunverulegir peningar á milli sviði, þá kom það í ljós fljótlega í þeim samskiptum að það var nú bara ekki vilji bókhaldsins að vinna slíka reikninga fyrir eignasjóðinn og þar með var málið stopp svo mánuðum skipti.

Ég held að þetta skipti mjög miklu máli fyrir samskipti einstakra sviða og stofnana innan borgarkerfisins, að þar séu menn að mætast á jafnréttisgrundvelli. Sviðin eru að þjónusta hvert annað og ég held að við eigum að líta þannig á samskipti

Bstj. 3. júní 2008

sviðanna frekar heldur en að þau séu meira í formi húsbænda og hjúa, eins og hefur stundum verið í samskiptum milli sviða og stofnana í borginni.

Umrótið í Borgarstjórn Reykjavíkur vekur upp spurningar um gangverk stjórnkerfisins Reykjavíkurborgar. Hvert er umboð borgarstjórans og hvert er hlutverk borgarfulltrúa hvort sem þeir eru í meirihluta eða minnihluta? Þessi spurning kemur aftur og aftur upp hvort sem verið er að fjalla um REI málið, þriggja ára áætlun, ákvarðanir stjórnar Orkuveitunnar eða samskipti sviðsstjóra við hið pólitíska umhverfi í stóru sem smáu. Hvers væntir almenningur af þeim fullrúum sem kosnir eru til að stjórna borginni á fjögurra ára fresti?

Á fundi borgarráðs þann 8. maí sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Framsóknarflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fram fyrirspurn um hversu margir yfirmenn í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar heyri beint undir borgarstjóra. Einnig var óskað eftir upplýsingum með hvaða hætti samskipti stjórna B-hlutafyrirtækja og byggðasamlaga er við embætti borgarstjóra og hversu margar þær stjórnir eru? Í svari borgarstjóra kom fram að 20 af æðstu embættismönnum borgarinnar og stjórnarformenn 10 B-hluta fyrirtækja heyra beint undir borgarstjórnann. Að auki situr borgarstjórinn í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins auk þess sem hann sinnir náttúrulega mörgum öðrum skyldum, eins og menn hér manna best þekkja. Í framhaldi af þessu svari bókuðu borgarráðsfulltrúar Framsóknarflokksins og VG:

Í svari borgarstjóra vegna fyrirspurnar um hversu margir yfirmenn í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar heyra beint undir borgarstjóra kemur fram að 20 æðstu yfirmenn borgarinnar heyra beint undir borgarstjóra. Því til viðbótar situr borgarstjóri í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. B-hluta fyrirtækin eru 10 og er borgarstjóri yfir þeim stjórnnum sem þeim stýra. Þetta vekur upp spurningar um skilvirkni stjórnkerfis Reykjavíkurborgar þegar í ljós kemur að um 20 meginstjórnendur heyra beint undir borgarstjóra auk þess sem B-hlutafyrirtæki og aðrar stjórnarathafnir þurfa að njóta starfskrafta borgarstjórans.

Þetta er áleitin spurning ekki síst í ljósi þess hversu mörg önnur verkefni borgarstjórinn þarf að inna af hendi. Fyrir mig sem nýjan borgarfulltrúa finnst mér hlutverkskipting borgarkerfisins vera óljós og ég velti því fyrir mér hvort þetta er það starfsumhverfi allir aðrir borgarfulltrúar kjósa að starfa í. Stjórnkerfi Reykjavíkurborgar hefur orðið til á löngum tíma, mótað af mismunandi stjórn málaöflum og í tíðaranda hvers tíma. Tíð borgarstjóraskipti og mikil hreyfing á lykilstarfsmönnum borgarinnar, að undanfögnu, kalla á heildstæða hugsun í því

Bstj. 3. júní 2008

hvort þetta er það starfsumhverfi sem núverandi borgarfulltrúar vilja starfa í, vilja leggja á starfsfólk borgarinnar og geti í framhaldi af því staðið fram fyrir kjósendum sínum og sagt: „Hér eru hlutirnir í því horfi sem við viljum að þeir séu í!“ Borgarfulltrúar Reykjavíkur eru þeir sem fara með það vald sem þarf til þess að koma á starfhæfu umhverfi í stjórn Reykjavíkurborgar og það getur enginn annar breytt þeim leikreglum en þeir sjálfir. Þess vegna standa borgarfulltrúar fram fyrir því hvort þeir eru þess megnir að breyta umhverfinu þannig að til betri vegar horfi eða sætta sig við ástandið eins og það er og gera ekkert. Til þess að nálgast viðfangsefnið er gott að hafa söguna að leiðarljósi og eftir að hún hefur verið krufin til mergjar, þá getur verið gott að hugsa aðeins út fyrir boxið.

Ef við veltum fyrir okkur meirahlutatímabili Sjálfstæðisflokksins hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, þá var tíðin sú að embætti borgarstjórans í Reykjavík var eitt af þremur virðingarmestu embættum á Íslandi auk þess að vera eitt það valdamesta. Borgarstjóri er bæði æðsti yfirmaður allra borgarstarfsmanna auk þess að vera pólitískur oddviti meirihluta hvers tíma. Upphaf þessa tíma má rekja til fyrsta borgarstjórans Páls Einarssonar sem tók við þessu embætti árið 1908. Hann var á þeim tíma einkonar ráðherra höfuðborgarinnar en á þeim tíma ríkti einn ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ráðherrar í ríkisstjórninni eru orðnir 12 sem skipta með sér framkvæmdavaldinu en borgarstjórinn í Reykjavík situr ennþá einn kjörinna fulltrúa með framkvæmdavald yfir allri stjórnsýslu borgarinnar. Þetta fyrirkomulag býr til einn brattasta valdapírámíða opinberrar stjórnsýslu og við því hefur ekki verið hróflað þrátt fyrir að umfang og umsýsla borgarinnar hafi margfaldast og fjölmargar breytingar hafi verið gerðar á stjórnkerfi borgarinnar. Óhætt er að segja að valddreifing í Borgarstjórn Reykjavíkur hafi ekki fylgt eftir valddreifingu í landsstjórninni, þótt háttstemmdar yfirlýsingar um valddreifingu hafi verið kosningaloforð í mörgum undangengnum kosningum.

Í sögulegu samhengi má segja sem svo að þetta fyrirkomulag hentaði mjög vel fyrri meirihlutum Sjálfstæðisflokksins sem byggðu stjórnkerfið upp í kringum framtíðarforingja sinn í landsmálunum Til þess að halda utan um stjórnsýsluna með borgarstjóra voru ráðnir pólitískir embættismenn sem fóru með framkvæmdavald í einstökum málaflokkum undir forystu borgarstjórans.

Bstj. 3. júní 2008

Þetta fyrirkomulag hélt áfram á tímabili Reykjavíkurlistans þó með einni undantekningu. Undantekningin á ofurvaldi borgarstjórans á R-lista tímabilinu var formennskan í stjórn veitustofnana og síðar Orkuveitu Reykjavíkur þar sem borgarfulltrúinn Alfreð Þorsteinsson fór með framkvæmdavald inn í fyrirtækinu og breytti þremur stöðnuðum veitustofnunum í eitt öflugasta fyrirtæki landsins sem reyndar á nú mjög undir högg að sækja vegna þeirrar pólitísku yfirstjórnar sem þar ríkir. Sú reynsla er farsæl og því ætti að skoða það betur hvort ekki er skynsamlegt að skipta ábyrgð kjörinna fulltrúa á milli málaflokka þannig að boðleiðir verði styttri og stefnumótun skýrari. Tækifærin hjá Reykjavíkurborg liggja svo sannarlega á fleiri stöðum en í Orkuveitunni og því er bæði jákvætt og spennandi að leysa úr læðingi þann kraft sem kemur inn með kjörnum fulltrúum á hverjum tíma og knýr áfram gangverk samtímans.

Þetta fyrirkomulag sem hér er lýst leiðir af sér langar leiðslur og nokkuð skortir á að skýr leiðsögn pólitísku meirihluta náí að skila sér inn í stjórnkerfið. Þessu kvarta starfsmenn borgarinnar undan og tíð yfirmannaskipti að undanfögnu staðfesta þetta. Í pólitískri stefnumótun er þetta fyrirkomulag þungt í vöfum. Málaflokkum er stýrt af borgarfulltrúum sem ekki hafa framkvæmdavald yfir sínum málaflokki og því verður verklag og nauðsynlegt samstarf milli sviða óljóst.

Þetta er sennilegasta skýringin á því að Reykjavíkurborg hefur haldist illa á æðstu embættismönnum sínum á undanförunum árum. Frá árinu 2002 hafa verið starfandi sex borgarstjórar í Reykjavík, fjórir skipulagsstjórar, þrjár sviðsstjórar framkvæmdasviðs sem áður var borgarverkfræðingsembættið og umhverfis- og tæknisvið, fjórir borgarlögmenn og þrjár fjármálastjórar. Aðeins þrjár umsóknir bárust í embætti borgarritara sem í framhaldinu var lagt niður. Að auki hafa orðið sviðsstjóraskipti á velferðarsviði, menntasviði, leikskólasviði, umhverfissviði og mannréttindaskrifstofu. Hægt væri að nefna fleiri dæmi en það er óþarfi þar sem þessi upptalning sýnir svart á hvítu að starfsmannavelta lykilstarfsmanna Reykjavíkurborgar er orðið verulegt áhyggjuefni. Í þessu ljósi vakna upp spurningar hvað gerir það að verkum að yfirmenn Reykjavíkurborgar staldra svo stutt við eins og raun ber vitni?

Bstj. 3. júní 2008

En það eru ekki bara embættismenn og borgarstjórar sem stoppa stutt við í stjórnkerfi borgarinnar. Mikil hreyfing hefur verið á kjörnum fulltrúum á undanförunum árum og það staðfestir einnig að stjórnkerfi Reykjavíkur er ekki að ganga eins og vel smurð vél, þegar hæfileikaríkt fólk með háleitar hugmyndir stoppar stutt við á þeim stað þar sem draumar ættu að verða að veruleika, en einhverra hluta vegna verða það ekki. Ég flyt þessar vangaveltur hér undir umræðum um ársreikning Reykjavíkurborgar, þar sem það kemur fram bæði í spurningum ytri endurskoðunar og svörum innri endurskoðunar að eðlilegt er að spyrja spurninga og um leið og menn velta fyrir sér svörunum þá er það hlutverk stjórnáráðmanna að velta því upp og svara hvort þetta er það stjórnkerfi sem við teljum heppilegast til að vinna í.

Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil að lokum þakka öllum þeim starfsmönnum Reykjavíkurborgar og borgarfulltrúum og öðrum sem komu að gerð þessa ársreiknings fyrir góða vinnu og gott samstarf. Það hefur verið gott að leita til þeirra aðila sem hafa farið fyrir þessari vinnu. Það er mikilvægt fyrir okkur, hina kjörnu fulltrúa, að eiga greiða leið að öllum þeim upplýsingum sem snúa að fjármunum Reykjavíkurborgar vegna þess að eins og allir vita þá eru fjármunir afltæki þeirra hluta sem þarf að gera. Takk fyrir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Bstj. 3. júní 2008

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta hafa verið mjög fróðlegar ræður sem hér hafa verið fluttar að undanfögnu og margt athyglisvert komið fram. Til að mynda það síðasta sem borgarfulltrúi Óskar Bergsson ræddi, þetta er svo sem ekkert nýtt af nálinni, menn hafa oft velt þessu fyrir sér hvort bæri að gera svona stórtækar breytingar á okkar stjórnkerfi. Mér finnst ekkert útilokað að menn skoði það bara með opnum hug, hvort að það sé kominn tími á það, án þess að ég taki nokkra afstöðu til þeirra hugmynda sem borgarfulltrúinn setti fram.

Varðandi ársreikninginn fyrir 2007 þá kemur það mér mjög á óvart hversu borgarfulltrúar minnihlutans eiga erfitt með að viðurkenna að fjármálastjórnin árið 2007 var mjög góð, hún var afar góð og það kemur raunar fram á öllum sviðum. Þetta er sú staðreynd sem blasir við. Ég hef sagt það og um það eru endurskoðendur mér sammála um að það sýnir góðan rekstur ef að skatttekjur sem að eru fasteignaskattar og útsvar, ef að þessar tekjur duga fyrir rekstri málaflokka. Það er keppikefli allra sveitarstjórna að láta skatttekjurnar duga fyrir rekstri málaflokka. Ef við skoðum þennan ársreikning þá kemur í ljós og við skoðum nokkra reikninga á undanfögnu árum, að við höfum verið langt, langt frá því marki á undanfögnu árum. Við höfum verið að reka aðalsjóðinn fyrir fjármagnsliði með mínustölu upp á 4, 5, 6 og allt upp í 8 milljarða á hverju einasta ári, frá árinu 2002.

Þrátt fyrir það að tekjur hafi langoftast á þessum tíma ef ekki öll árin, þ.e.a.s. skatttekjur okkur, að þær hafi verið meiri heldur en áætlað var í upphafi. Það er ekkert nýtt að þær urðu meiri á árinu 2007 sem nemur 3,2 milljörðum. Samt sem áður náðum við því marki sem er segi ég frábært og ég er ekkert að þakka sérstaklega meirihlutanum, ég er líka þakka starfsmönnum okkar og embættismönnum fyrir frábært starf að þessu marki, að reyna að láta þennan draum rætast, þá tókst í fyrsta sinn í mörg ár að skila A-hlutanum fyrir fjármagnsliði með mínus 900 þúsund krónum rúmlega, sem eru ekki stórar upphæðir frá því sem áður voru margir milljarðar. Auðvitað er þetta gríðarlega góður árangur. Þegar verið er að tala um að tekjurnar af sölu hluta Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun, að þær hafi skipt þarna sköpum, þá er það

Bstj. 3. júní 2008

rangt, vegna þess að tekjurnar okkar í A-hlutanum hefðu orðið 6,3 milljarðar án þess að tekið væri tillit til þeirra tekna sem við fengum vegna sölunnar á hlut okkar í Landsvirkjun, hefðu orðið 6,3 milljarðar sem er langstærsta talan í öll þessi ár og þótt lengra aftur væri leitað. Það sama gildir um aðalsjóðinn eftir fjármagnsliði, að þá erum við að skila mörgum, mörgum milljörðum í fyrsta sinn um margra ára bil. Það sem við erum líka að gera á þessu ári, við erum að sýna fram á að útgjöld málalflokkanna voru í miklu leyti í takt við upphaflega áætlun, að miklu leyti og miklu, miklu nær því heldur en áður hefur verið.

Þannig að ef þetta er ekki góður árangur þá er sennilega ekki hægt að ræða um árangur við þá borgarfulltrúa minnihlutans sem hafa talað um að þetta væri bara enginn sérstakur árangur, þetta væri bara út af góðærinu og þess háttar. En góðærið kom ekki fyrst árið 2007. Það var líka góðæri árið 2006 og 2005 og fleiri ár til baka. Í raun og veru má segja að allt frá árinu 1994 hafi skatttekjur borgarinnar verið að hækka, líkt og flugvél í flugtaki. En á árunum 1992-1993 þá lækkuðu skatttekjur borgarinnar að raungildi, það hefur ekki skeð. Það er hins vegar hætta á því núna að það gerist í því árferði sem við stöndum frammi fyrir og ég kem að því síðar.

Það hefur líka verið talað um að þetta væru bara hrein og bein ósannindi, að það hefði orðið algjör viðsnúningur í rekstri borgarinnar hvað varðar skuldir. Förum aðeins yfir það. Við erum væntanlega flest með töflur sem sýna skuldaþróunina án lífeyrissjóðsskuldbindinga á nokkurra árabili, allt frá árinu 2002. Þegar að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson er að tala um það að þessi þróun hafi byrjað miklu fyrr, þá er rétt að benda viðkomandi borgarfulltrúa á það, þetta eru tölur sem við höfum hér frá 2002 já, og það sýnir sig hér á þessari töflu að skuldirnar séu að lækka úr 24 milljörðum í 18 milljarða frá árinu 2005-2006. Bíddu, hvernig stendur á því? Hvað veldur því? Ég held það væri rétt að viðkomandi borgarfulltrúi liti aðeins til baka og fyndi skýringar á því hvers vegna skuldirnar lækkuðu þá svo mikið. Því að við yfirtöku Orkuveitu Reykjavíkur á fráveitu Reykjavíkur þann 1.1.2006, þá færðust u.þ.b. 8 milljarða króna skuldir frá A-hlutanum, aðalsjóði, til Orkuveitu Reykjavíkur. Niðurstaðan vegna þessarar tilfærslu var því skuldalækkun A-hluta upp á þessa fjárhæð. Eins og kemur fram á yfirliti ytri endurskoðenda þá lækkuðu skuldir A-hluta á árinu 2006 um 6 milljarða króna.

Bstj. 3. júní 2008

Að öðrum kosti hefðu skuldir A-hlutans hækkað um ca. 2 milljarða króna. Þetta er ég búinn að fá staðfest bæði frá ytri endurskoðanda og fjármálastjóra. Þannig að berja sér á brjóst og tala um að skuldir hefðu lækkað verulega frá árinu 2005, það er auðvitað rangt, þarna var um tilfærslu að ræða, skuldirnar sem síðan færast yfir til Orkuveitu Reykjavíkur og halda áfram að vera þar til væntanlega. Þannig að enn frekar sjáum við góðan árangur af því að lækka skuldir, vegna þess að ef að þetta hefði ekki gerst þá hefðu skuldirnar verið um 26 milljarðar árið 2006 en þær fara niður í 16 milljarða á árinu 2007 og þetta er án lífeyrissjóðsskuldbindinga, takið eftir. Síðan er gert ráð fyrir því að skuldirnar lækki áfram, verði 15 á þessu ári og 15 árið 2009 og 14 árið 2010. Það var ekki gert ráð fyrir lántökum í þriggja ára áætluninni þannig að þetta er alveg augljóst mál að þarna er algjör viðsnúningur. Þannig að það er ekkert rangt sem haldið er fram af hálfu meirihlutans hvað þetta varðar.

Þannig að þetta er auðvitað verulega góður árangur og eins og kom fram í ræðu minni við fyrri umræðu þá er auðvitað margt gert til þess að reyna að ná góðum og eðlilegum böndum yfir fjármálastjórnina og fjárhagsáætlunarferlið og hvaðeina sem lýtur að góðri fjármálastjórn. Það sýndi sig að með samstilltu átaki meirihlutans og einstaklinga sem fengnir voru til að vinna að þessu verki með sviðsstjórum, fjármálastjórum sviðanna, formönnum ráðanna og fleiri og fleiri aðilum, þá náðist smám saman árangur sem er eftirtektarverður og þetta kemur fram hjá okkar endurskoðendum að þeir viðurkenna það að þarna sé um góðan árangur að ræða. En minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur vill ekki viðurkenna það og reynir að finna ýmsar aðrar ástæður fyrir því að þetta hafi gerst. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sagði í sinni ræðu að tekjur væru vanáætlaðar um 10 milljarða króna ca.

Það sem átti sér stað var einfaldlega það að skatttekjurnar jukust um 3,2 milljarða frá áætlun og fjármagnstekjur jukust um einn milljarð frá áætlun. Þetta eru 4,2 milljarðar. Þetta er ósköp svipað og gerðist milli árána 2006 og 2007. Ef ég man rétt þá eru þetta svipaðar tölur sem þarna eiga sér stað á milli árána 2005 og 2006, þá verður alltaf töluverð aukning og þannig hefur þetta verið á undanförunum árum. Það hefur alltaf orðið töluverð aukning frá því sem áætlað var. Þannig að halda því fram að þarna sé um 10 milljarða króna að ræða, það er auðvitað alrangt. Að vísu

Bstj. 3. júní 2008

jukust líka tekjur vegna eignarsölu að mig minnir um þrjá og hálfan milljarð. En þær koma ekki fram í tölunum sem snerta aðalsjóðinn fyrir og eftir fjármagnsliði. Þær kom hins vegar fram í lokaniðurstöðutölu A-hlutans en þær koma ekki fram í aðalsjóðnum, hvorki fyrir né eftir fjármagnsliði. Þannig að það er varla hægt að segja það skýrar að þarna hefur verið um algjöran viðsnúning í rekstri Reykjavíkurborgar að ræða.

Ég ætla ekki að fara að tala um fjármálastjórn meirihluta Samfylkingar og fleiri flokka í rúma tvo mánuði á þessu ári og ég held að þá hafi í sjálfu sér ekki verið lyft neinu grettistaki í því að hagræða og spara jafnvel nema síður sé. En samt sem áður, segjum að það hafi ekkert svo sem verið gert í þeim efnum annað en bara haldið áfram með þá stefnu sem fyrsti meirihluti myndaði, þá er þetta frábær árangur. Ég held að menn ættu að fagna því vegna þess að ef við hefðum ekki náð þessum árangri á árinu 2007 þá værum við miklu verr í stakk búin til þess að takast á við þá erfiðleika sem eru framundan og hafa verið margræddir hér í þessum sal.

Óskar Bergsson borgarfulltrúi talar um að það sé verið að fresta framkvæmdum og hægja á fjárfestingum. Ég kannast ekki við það að það sé verið að fresta framkvæmdum eða hægja á fjárfestingum. En auðvitað hljótum við að taka mið af því, það kann að koma til þess já, og hvað varðar t.d. frágang nýrra íbúðahverfa og atvinnuhúsa hverfa sem eru í okkar áætlun og eru í þriggja ára áætlun, það kann vel að vera ef að eftirspurn eftir lóðum, hvort sem um er að ræða íbúðarlóðir eða atvinnulóðir, ef hún verður minni heldur en við erum að ráðgera í þessum áætlunum okkar, þá segir það sig sjálft að þá verður líka minna um framkvæmdir á þessum uppbyggingarsvæðum, a.m.k. eitthvað heldur minna. En við erum tiltölulega fljót að undirbyggja ný svæði þegar skipulagið er klárt og tilbúið, þannig að ef að eftirspurnin reynist meiri en við gerum ráð fyrir þá er minnsti vandi að hraða þeirri uppbyggingu. En auðvitað helst það í hendur hvað við fáum inn í gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar og síðan framkvæmdakostnaði við það að undirbúa ný hverfi undir framkvæmdir þeirra sem fá þar úthlutað.

Um leið og sumir í minnihlutanum tala um að það þurfi að hægja á framkvæmdum þá tala aðrir í minnihlutanum um að það þurfi að auka framkvæmdir. Ég vil bara fullvissa borgarfulltrúa og þá sem hlusta á þessa umræðu að það eru miklar framkvæmdir framundan – og hvers vegna? Það er vegna þess að aðalsjóðurinn og

Bstj. 3. júní 2008

A-hlutinn er það sterkur að við getum leyft okkur það, alla vega um tíma. Það eru miklar framkvæmdir framundan í skólamannvirkjum, í Norðlingaholtsskóla, Sæmundarskóla, skóla í Úlfarsfelli. Það eru miklar framkvæmdir framundan í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ég get bara nefnt sem dæmi um það nýgerða samninga sem gerðir voru við ÍR, samningur sem hafði dregist að gera í heil 8 ár, margbúið að lofa að gera samninga en aldrei við það staðið.

Samningur við Fram sem átti að klára 2004 sem var lokið núna á þessu ári. Þarna er um mikla fjármuni að ræða. Þetta er fjármögnunartími sem tekur okkur ca. 5 ár eða svo skv. þeim samningum sem gerðir hafa verið við þessi félög, en þarna er um mikla uppbyggingu að ræða. Síðan eru það önnur íþróttafélög sem líka munu hefja framkvæmdir við sín íþróttamannvirki, uppbyggingu þeirra á ýmsum öðrum svæðum og má þá m.a. nefna Fylki og Fjölni, KR og þess vegna fleiri félög sem núna eru til skoðunar og umfjöllunar hjá ÍTR og samningar við þessi félög. Síðan er gert ráð fyrir verulega miklum fjármunum í gatnaframkvæmdir, gönguleiðir og hjólreiðastíga. Það er óhætt að fullyrða það að það er gert ráð fyrir meiri fjármunum í stofnfjárfestingar í þriggja ára áætluninni 2008-2010, a.m.k. hvað varðar árið 2008, heldur en í fjárhagsáætlun þeirri sem að núverandi meirihluti ber ekki ábyrgð á. Það er gert ráð fyrir meiri fjárveitingum þegar til lengri tíma er litið.

Svo koma menn hingað upp í púlt og segja að það sé verið að draga úr framkvæmdum. Hvernig geta menn haldið svona fram? Þetta er rangt, það er ekkert verið að draga úr framkvæmdum. Við munum að sjálfsögðu reyna til hins ýtrasta að halda uppi háu framkvæmdastigi og við getum gert það vegna þess að við eigum fjármuni til þess að gera það. Við þurfum ekki að auka á okkar skuldir. Síðan á þetta líka við skólalóðir, það á að halda áfram þar að gera við þær skólalóðir sem eru mjög illa farnar og ekki veitir af því. Við erum líka núna að standa að mikilli uppbyggingu öryggis- og þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva. Það hefur aldrei önnur eins uppbygging átt sér stað sem við erum að gera í samstarfi við félagasamtök. Við erum sjálf að byggja þjónustumiðstöðvar við Sléttuvegin fyrir eldri borgara og í Spönginni fyrir eldri borgara. Það var ekki byggð ein einasta öryggis- og þjónustuíbúð í heil 10 ár eða hvað það nú var, í tíð R-listans. Ekki ein einasta. Það var bara ekki horft til þess.

Bstj. 3. júní 2008

Hægagangurinn í framkvæmdum við hjúkrunarheimili var slíkur að full ástæða væri til þess að fara betur yfir það en ég ætla ekki að nota tímann til þess núna. Ég held að núna sé rétt verið að hefja framkvæmdir við hjúkrunarheimili í Mörkinni sem áttu að hefjast árið 2002 ef ég man rétt, skv. yfirlýsingum þáverandi frambjóðenda R-listans, fyrir þær kosningar. En núna fyrst árið 2008 þá sér fyrir endann á þessu erfiða og leiðindamáli og vonandi tekst að hefja þessar framkvæmdir sem fyrst vegna þess að þörfin fyrir hjúkrunarrými er mjög mikil og þörfin fyrir öryggis- og þjónustuíbúðir er líka afskaplega mikil. Þess vegna verður að standa vel að þessum uppbyggingum.

Síðan er náttúrliga þessi uppbygging, eins og ég nefndi áðan, aðstöðu fyrir nýjar íbúðar- og atvinnulóðir. Það er núna ráðgert að auglýsa fljótlega til úthlutunar í Úlfarsfelli lóðir undir u.þ.b. 550 íbúðir. Við munum sjá fram á það við úthlutun lóða og atvinnulóða á Hólmsheiði, tel ég, að við fullnægjum þeirri eftirspurn sem er. Nú vitum við ekki nákvæmlega hvort allir þeir sem sótt hafa um lóðir þar, sem voru gríðarlega margir, hvort að þeir treysti sér til þess að fara í þá framkvæmd. En alla vega stendur ekki á borgaryfirvöldum að skapa þessa aðstöðu sem er nauðsynleg fyrir þessa aðila sem vilja byggja íbúðarlóðir og búa í Reykjavík og vera með sína starfsemi í Reykjavík fyrir atvinnulóðir, þannig að ég tel að við stöndum þar afskaplega vel að vígi. Við stöndum þar jafnvel betur að vígi en nokkru sinni fyrr. Svo eru menn að tala um að það sé verið að fresta framkvæmdum og hægja á fjárfestingum, það er bara síður en svo ekkert verið að gera það. Það kann að koma til þess já, það þurfi að gera það vegna þessa ástands sem við búum við í okkar ágæta samfélagi en ég vil engu spá um það. Það verður bara að koma í ljós þegar þar að kemur hvernig við tökum á því máli.

Ég vil bara ítreka mikilvægi þess að hagræða í borgarrekstrinum og líta til allra þátta og við eigum auðvitað að setja það sem meginmarkmið okkar fjármálastjórnar borgarinnar til langs tíma að þær eiga auðvitað, eins og fram kom í ræðu borgarstjóra hér áðan, að lúta að því að gera borgina eftirsóknarverða fyrir íbúa og fyrirtæki. Þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt að svona ýmsar mikilvægar þjónustueiningar séu miklu fyrr á ferðinni í nýjum byggðarhverfum heldur en verið hefur á undanförunum árum. Það er núna fyrst á þessu ári sem verið er að taka skóflustungu að nýrri skólabyggingu í Norðlingaholti og nánast flestir

Bstj. 3. júní 2008

Íbúar komnir þar inn sem hafa byggt sér hús þar, ekki allir kannski en örugglega 80-90% íbúanna eru komnir í hverfið og þá er fyrst farið að byggja skóla. Það má segja að þetta sé ekki til fyrirmyndar og þetta er eitthvað sem menn eiga að reyna að komast hjá. Eins með íþróttamannvirkin sem eru hluti af uppeldinu, hluti af heilbrigðri tómstundaiðkun, þá er auðvitað mikilvægt að um leið og hverfi fara að taka á sig mynd og íbúar eru fluttir inn þar, þá er mikilvægt að hafa þar boðlega aðstöðu fyrir unga fólkið sem vill stunda íþróttir og aðrar heilbrigða tómstundaiðkun með íþróttahúsnæði og margs konar félagsaðstöðu.

En á þetta hefur verulega skort á undanförunum árum. Þetta er að koma seint og síðar meir. En í stuttu máli sagt þá hefur þessi árangur sem ársreikningurinn 2007 endurspeglar náðst vegna þess að hér var unnið markvisst starf í því að leita allra leiða til þess að hagræða en ekki endilega með það að markmiði að draga úr þjónustunni, vegna þess að á sama tíma og við vorum að gera þetta þá var þjónustan aukin á svo mörgum, mörgum sviðum. Ég nefni t.d. bara eitt atriði sem reyndar var tekin ákvörðun um 1. ágúst 2006 en hafði auðvitað áhrif á kostnaðarauka okkar á árinu 2007, það var að ákveða 25% afslátt af leikskólagjöldum. Líka það, ég held við séum enn eina sveitarfélagið í landinu, það kunna kannski að vera til önnur sveitarfélög, ég þekki það ekki, sem að hefur þá meginreglu að foreldrar borga núna einungis fyrir eitt barn þótt það séu 2 eða 3 börn frá sömu fjölskyldu á leikskóla.

Þetta er auðvitað gríðarleg búbot fyrir þær fjölskyldur sem þannig er ástatt fyrir. Ég veit til þess að margir hafa þakkað borgarstjórninni fyrir að hafa gert þetta en þetta auðvitað kostar fjármuni. Það má auðvitað nefna mörg önnur atriði sem kosta okkur fjármuni, eins og til að mynda frítt í strætó sem er að kosta okkur sennilega í kringum 200 milljónir á ári, sem byrjaði í fyrra og heldur áfram á þessu ári væntanlega. Þetta eru allt saman kostnaðaraukandi liðir sem við höfum tekið á okkur. Þrátt fyrir það þá erum við að ná þessum árangri. Þetta bara sýnir það að ef að stjórnendur leggja rækt við fjármálastjórnina þá gilda sömu lögmál hjá okkur eins og í fyrirtækjum og eins og á heimilum, það skiptir máli dags daglega hvernig fjármálastjórnin er því þetta safnast saman og geta verið stórar upphæðir ýmist í plús eða mínus. Í plús ef vel er á málum haldið, í mínus ef illa er á málum haldið. Ég hef svo sem margoft sagt það að fjármálastjórn R-listans var ekki mjög beysin í

Bstj. 3. júní 2008

mörg, mörg ár. Auðvitað átti R-listinn sína góðu daga með fjármálastjórnina en hún var mjög beysin og þrátt fyrir þessar ofboðslegu aukningu á tekjum ár frá ári þá var verið að safna skuldum og auka kostnað og hvaðeina. Þrátt fyrir ýmsar tilfærslur sem gerðar hafa verið, eins og þetta sem ég nefndi áðan, þá er ekki hægt að halda því fram að það hafi verið vegna einhversrar stjórnsniðdar þáverandi R-lista, þegar færðar eru með þessum hætti, eins og ég gat um áðan, 8 milljarðar króna. Ef það hefði ekki verið gert þá hefðu skuldarnar haldið áfram að vaxa. En þær eru fluttar yfir til Orkuveitunnar. Auðvitað hefði borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson átt að vita þetta að þetta er ástæðan fyrir lækkuninni á milli þessara ára sem ég gat um áðan, milli árunna 2005 og 2006.

En að lokum, virðulegi forseti, þá var verið að spyrja hver væru þessi góðu mál sem hefðu svo sem ekkert fengið mikla umfjöllun en eru samt sem áður farin að virka út í kerfinu og það skiptir mestu máli. Það skiptir kannski ekki mestu máli fyrir fólkið sem er að njóta þessara mörgu góðu mála sem gerð hafa verið að undanfögnu. Það skiptir máli fyrir fólkið sjálf þegar það fer að njóta þessara ákvarðana eða breytinga sem við höfum ákveðið, ekki kannski hvort það sé stórfrétt í fjölmiðlum, þá er hér fullt af málum sem við höfum verið að gera. Bara af handahófi þá gæti ég nefnt þessi mál sem við höfum verið að tala um. Það er breyting á félagslega leiguíbúðakerfinu, það er ákvörðun um áfangenheimili fyrir 20 manns, það er fjölgun í gistiskýlinu. Það er t.d. kjarasamningur við grunnskólakennara. Það var ekkert sjálfsagt að þessi samningur næðist með þeim hætti sem raun ber vitni og borgaryfirvöld lögðu sitt af mörkum til þess að þessir samningar náðust.

Auðvitað ber að þakka launanevnd sveitarfélaga fyrir frábært starf á þessu sviði, fyrst og fremst, og þakka þeim bara mjög vel fyrir gríðarlega góða undirbúningsvinnu. Það var ekkert sjálfgefið að það næðist friður um þetta samkomulag. Við erum að sjá það allt í kringum okkur hér á Norðurlöndum og annars staðar að þar logar allt í verkföllum og erfiðleikum vegna samninga og samskipta við kennara. En það er ekki hjá okkur, við náðum núna samningi sem var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta og við eigum að vera þakklát fyrir það. Það skiptir okkur mjög miklu máli að það hafi gerst. Sumardvöl fyrir fötluð börn sem var ákveðin nýlega og samningur við Félagsstofnun um fleiri

Bstj. 3. júní 2008

stúdentabúðir, aukið fjármagn í þriggja ára áætlun til heimaþjónustu og síðan Borgarbörn sem er frábær ákvörðun í raun og veru, enda allir sammála um hana. Hún mun auðvitað skipta miklu máli varðandi leikskólastigið á næstunni. Þannig að ég gæti nefnt miklu, miklu fleiri mál sem við höfum verið að vinna að sem hafa skilað árangri og við getum verið sameiginlega hreykin af. Þess vegna er það dapurt að heyra það þegar ýmsir – ég segi ekki allir – borgarfulltrúar minnihlutans koma hér upp og reyna að gera lítið úr þessum ágæta árangri. Ég held að menn ættu bara að vera stoltir fyrir hönd borgarinnar að þessi árangur skyldi hafa náðst.

En síðan er það framtíðin sem aðallega borgarfulltrúi Óskar Bergsson og reyndar líka borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson gerðu að umfjöllunarefni, ég tek alveg undir þeirra áhyggjur og reyndar rakti það hér í ræðu minni við fyrri umræðu um ársreikninginn að það eru ýmis teikn á lofti sem benda til þess og mjög sterk teikn sem benda til þess að skatttekjur okkar verði töluvert minni en við gerðum ráð fyrir. Borgarhagfræðingur er að tala um 500 milljónir króna, ég tel það mjög varlega spáð miðað við hvernig ástandið er og hvernig það er að þróast. Þetta er auðvitað mikið áhyggjuefni fyrir okkur vegna þess að, eins og sagt var hér af borgarfulltrúa Óskari Bergssyni, þá eru fjármunir afl þeirra hluta sem gera þarf, ég held hann hafi orðað það þannig að lokum og síðan erum við líka að sjá fram á aukinn kostnað.

Mér er sagt það, þetta er reyndar kannski ekki nákvæm tala, að bara eldsneytiskostnaður Strætó bs. á ársgrundvelli, ef fram heldur sem horfir í olíuverðinu, að hann geti verið um 230-240 milljónir á ári. Þetta er reyndar ekki alveg staðfest tala en þið sjáið hversu ógnvænlegar tölur þetta eru sem eru að mæta okkur á öllum sviðum. Þess vegna verður á þessum tíma að fara mjög varlega í fjármálastjórninni vegna þess að við ætlum okkur ekki að fara að safna skuldum, okkar áætlanir gera ekki ráð fyrir því og ég held við getum öll verið sammála um að það sé keppikefli okkar hvað varðar A-hlutann að við séum ekki að safna skuldum. En auðvitað er það svo að í B-hlutanum er verið að taka lán og við höfum verið sammála um það, alla vega flest hér í borgarstjórninni að það sé ekki óeðlilegt að það sé gert, eins og t.a.m. í Orkuveitunni.

Orkuveitan spilar auðvitað stærstu rulluna í þeim efnum. Það kann að vera að skuldaaukningin eins og henni er spáð í þriggja ára áætlun og reyndar í þessari

Bstj. 3. júní 2008

áætlun ársins líka, að hún verði heldur minni vegna breyttra aðstæðna og forsendna, eins og m.a. vegna þeirrar ákvörðunar að setja Bitruvirkjunina á ís, alla vega um tíma, þá auðvitað verður þessi lántaka minni. En samt sem áður eru þetta verulega miklir fjármunir sem við erum að setja í byggingu nýrra virkjana sem skipta tugum milljarða. Þetta eru auðvitað stóru þættirnir í því að skuldir borgarinnar sem heildar, þ.e.a.s. samtals skuldir A-hluta og B-hluta eru að aukast. Menn geta auðvitað þráttað um það lengi og vel ef menn vilja en aðalatriðið er það sem er kjarni málsins varðandi fjármálastjórn sveitarfélaga, að við náum því marki að láta skatttekjurnar duga fyrir rekstri málaflokkanna.

Við höfum verið að bjarga okkur í mörg ár með svokölluðum fjármagnstekjum. Vissulega hafa þær verið ágætar og eins og ég sagði áðan voru u.þ.b. einum milljarði króna meiri heldur en áætlunin gerði ráð fyrir. Það er líka vegna þess að þar voru menn virkilega að vinna í því á fjármálasviðinu að ávaxta þessa peninga, okkar lausafé, eins vel og kostur er og það hefur tekist mjög vel að ávaxta þá fjármuni, skiptir okkur miklu máli. Þar hafa menn verið vakandi og sofandi yfir því að leita bestu leiða til þess að ávaxta okkar pund eins vel og við mögulega getum. Síðan eru það auðvitað gengissveiflur sem hafa mikið að segja í þessu varðandi fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld og við sjáum það núna á ársfjórðungsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur að þar hefur staðan algjörlega snúist við.

Ég held að það sé líka þannig hjá ýmsum öðrum orkufyrirtækjum sem voru að græða mikla peninga í fyrra eða skila góðri afkomu. Ef fram heldur sem horfir þá munu þessi fyrirtæki ekki skila neitt svipaðri afkomu á þessu ári eins og þau voru að gera í fyrra. Þróunin hjá Orkuveitu Reykjavíkur sýnir það að sveiflan er held ég einir 16 eða 17 milljarðar á þessum stutta tíma. Þannig að þetta eru alvarlegar blikur á lofti og þess vegna ber auðvitað að fara varlega í þessu öllu saman. Ég held að við getum alveg verið sammála um það og eigum bara að hafa samstöðu um það að þessar framkvæmdir sem við ætlum að fara í á næstunni að við gerum það með þeim hætti að það þjóni borgarbúum vel og við látum þá þær framkvæmdir, ef það þarf að fresta einhverjum framkvæmdum, ef ástandið verður þannig þegar fram á árið sækir, þá verðum við bara að fara yfir það og meta og vega hvaða framkvæmdum verður að fresta. En það hafa engar ákvarðanir verið teknar um það ennþá.

Bstj. 3. júní 2008

**Forseti:** Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að veita andsvar og síðan borgarfulltrúi Óskar Bergsson sem mun gera stutta athugasemd.

Bstj. 3. júní 2008

## **8. mál**    **Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Fyrst vildi ég nú taka fram ef að það hefur misskilist eða ég hef mismælt mig að hækkun um 10 milljarða í tekjum eru bæði skatttekjur og aðrar tekjur, ég vona að ég sé að fara rétt með, frá upphaflegri áætlun, ekki frá breyttri áætlun ársins.

Varðandi það sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, og eins og hér hefur komið fram borgarstjórnarefni Sjálfstæðisflokksins, virðist vera viðkvæmastur fyrir er sú staðreynd sem að fyrirspurn mín til ytri endurskoðenda dró fram, að það varð enginn viðsnúningur í þróun skulda á árinu 2007 heldur hafði sá viðsnúningur orðið 2004 og jafnt og þétt hafa skuldir A-hluta Reykjavíkurborgar lækkað frá þeim tíma. Það er alveg rétt hjá honum að eitt árið þá skipti verulegu máli að fráveitan færðist til Orkuveitu Reykjavíkur. En ef eitthvað er sambærilegt við árið 2007 hvað varðar stórar hreyfingar sem hafa áhrif á skuldastöðu aðalsjóðs þá er það einmitt það ár, vegna þess að langstærstur hluti af jákvæðri rekstrarniðurstöðu Reykjavíkurborgar árið 2007 voru einmitt stórar eignabreytingar, annars vegar hjá skipulagssjóði og hins vegar með sölu Landsvirkjunar.

Þess vegna er þetta nákvæmlega sambærilegt, það er alveg rétt hjá honum að þessi tilfærsla fráveitunnar hafði kannski ekki mjög mikið um fjármálastjórn þess árs að segja, ekki frekar en þær stóru eignabreytingar sem leiða til jákvæðrar niðurstöðu 2007. Þess vegna stendur það og í raun er borgarfulltrúinn að staðfesta orð mín hér áðan að það er ekki hægt að sjá neinar breytingar á því sem mætti kalla fjármálastjórn á árinu 2007 til þess að hreykja sér af. Ég var heldur ekkert að segja að ég væri óánægður með þá fjármálastjórn, hún er bara einfaldlega ámóta og árinu áður. Það var búið að koma þessu fyrir í nokkuð föstum skorðum og árangurinn er ágætur eins og áður.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

**8. mál**    **Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** Virðulegi forseti. Ég þakka borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni hlý orð í garð ársreikningsins 2007 og hef svo sem ekkert meira um það að segja. En það gengur ekki að vera að blanda saman, eins og mér heyrðist borgarfulltrúinn gera, mér kann að hafa misheyrst, en að þetta væri eitthvað sambærilegt við þá tekjuaukningu sem við fengum vegna sölunnar á Landsvirkjun. Ég er ekkert að blanda henni í þetta, það bara kemur þessu máli ekkert við. Ég sagði hér áðan að þrátt fyrir að við tækjum þá fjármuni sem eru 10,1 eða 10,2 milljarðar algjörlega út úr pakkanum, þá erum við að skila aðalsjóði fyrir fjármagnsliði með 900 milljónum í mínus sem er einstök niðurstaða miðað við öll árin á undan. Við erum að skila A-hlutanum með 6,3 milljörðum króna í plús sem er líka einstök niðurstaða. Þá er ég ekkert að tala neitt um þessa 10,2 milljarða sem við fengum vegna Landsvirkjunar. Þannig að ég bara skynja það að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson er tiltölulega ánægður með þessa niðurstöðu og það kann að vera einhver svona blæbrigðamunur á því hvernig menn vilja útfæra þá ánægju en ég er bara þakklátur fyrir þessa umræðu. Ég ætla að nota tækifæri hér og þakka starfsfólki sem hefur unnið að þessari áætlun. Ég ítreka þakklæti mitt til þeirra. Þetta er vandasamt og erfitt verk, og ytri endurskoðendum og öllum sem að þessu koma fyrir mjög gott starf og þarfar og ágætar ábendingar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

**8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er þá við hæfi að við föllumst bara hér í faðma yfir þessu. Þetta er nákvæmlega það sem ég hef verið að reyna að draga fram með þessari umræðu að viðsnúningurinn var enginn. Það eru stórar eignabreytingar sem ráða þarna mestu. Þegar við erum að tala um A-hlutann þá er það ekki bara Landsvirkjun heldur þessar stóru eignasölur hjá skipulagssjóði. Núna er borgarfulltrúinn sannarlega að draga það sjálfur fram að aðalsjóðurinn var tæpum milljarði í tapi, ekki hagnaði eða afgangi, þrátt fyrir það að skatttekjurnar voru tæpum fimm milljörðum umfram áætlun. Það kannski beinir sjónum að því verkefni sem við stöndum frammi fyrir, því að ef að allar lofræðurnar sem hér voru haldnar fyrir tveimur vikum ættu við rök að styðjast þá væri ekki svona mikil sátt og samstaða um það að við erum með útsvarið í hámarki, við þurfum á öllu okkar að halda og það eru býsna alvarlegir tímar framundan. En fjármálastjórnin hefur ekki mikið breyst, hún hefur verið ágæt, en rétt eins og önnur sveitarfélög þá þurfum við á öllu okkar að halda til þess að halda sjó. Það er ekki við því að búast að tekjurnar verði jafnmiklar og þær hafa verið undanfarin ár.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

**8. mál**    **Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** Ég ætla ekkert að reyna að svara þessu frekar. Ég bara óska eftir því að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson ræði þessi mál við innri og ytri endurskoðendur og fjármálastjóran okkar, ef hann treystir ekki því sem ég og aðrir í meirihlutanum erum að segja. Þetta er þeirra niðurstaða, þetta eru þeirra orð. Þeir hafa sagt þetta, þannig að ég ætla ekki að fara að draga þeirra orð í efa. En ef hann trúir mér ekki eða einhverjum öðrum þá er það hans mál.

Við náðum þessum árangri m.a. með gríðarlega góðri vinnu, það var sett í þetta mikil vinna. Það hefur aldrei verið sett svona mikil vinna í að rýna fjármálin. Með góðu samstarfi við sviðsstjóra, marga embættismenn sviðanna, formenn sviðanna og fleiri og fleiri þá var þetta samstillt átak. Þetta er ekkert meirihlutanum að þakka, þetta er líka starfsfólkinu sem ber hitann og þungann af daglegum rekstri, hvernig þeir tóku á margvíslegum ábendingum varðandi hvað mætti betur fara, án þess að við værum að skerða þjónustu.

Ég ætla að leiðrétta hér það sem ég sagði áðan, ég var með töluna 900 milljónir í mínus, þ.e.a.s. aðalsjóður fyrir fjármagnsliði, þetta var eldri tala sem ég var með. Niðurstaðan í reikningnum eins og þið sjáið er ekki 900 milljónir heldur 192 milljónir, aðeins 192 milljónir. Þetta kalla ég frábæran árangur.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá er andsvörum lokið en óskað hefur eftir að veita stutta athugasemd borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

**8. mál**    **Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fæ að gera hér stutta athugasemd vegna ræðu borgarfulltrúa Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, kannski fyrst og fremst vegna þess að mér fannst borgarfulltrúinn tala fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins þegar hann var að hrósa glæsilegum árangri í ársreikningi Reykjavíkurborgar árið 2007. Ég vil nú minna borgarfulltrúann á það að á þeim tíma átti hann ágætt samstarf lengst af árinu við Framsóknarflokkinn hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og mér finnst það fullmikið yfirlæti af hálfu borgarfulltrúans og Sjálfstæðisflokksins að fara í gegnum heila umræðu um ársreikning Reykjavíkurborgar ársins 2007, eins og þeir hafi einir staðið að verki. En það var annað sem vakti athygli mína í ræðu borgarfulltrúans og það er í raun og veru sú staðreynd að hann virðist ekki leggja sama skilning og ég eða aðrir borgarfulltrúar í ræðu borgarstjórans núverandi um það að það standi til að fresta verkefnum og hægja á fjárfestingum. Það háa framkvæmdastig sem borgarfulltrúinn er að hreykja sér af í dag er fjárhagsáætlun fyrsta meirihlutans, það er fjárhagsáætlun 100 daga meirihlutans og þar eiga sjálfstæðismenn sinn heiður. En að halda því fram síðan, eftir að hafa lagt fram þriggja ára áætlun sem boðar niðurskurðinn og borgarstjóri heldur áfram að hnykkja á, að halda því fram að þetta sé bara svona og kannski og ef menn geti ekki selt þetta á hugsanlega minnki þetta, það finnst mér lýsa stefnuleysi borgarstjórnarmeirihlutans í hnotskurn.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd og þá gerir einnig stutta athugasemd borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

**8. mál**    **Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** Virðulegi forseti. Ég þakka borgarfulltrúa Óskari Bergssyni fyrir hans orð. Ég ætla ekkert að gera lítið úr samstarfi við Framsóknarflokkinn, það var mjög gott samstarf áður en því lauk. Bæði borgarfulltrúi Björn Ingi Hrafnsson og borgarfulltrúi Óskar Bergsson stóðu mjög vel að undirbúningi allra áætlana og aðgerða og um það var full samstaða. En ég held að ég hafi talað um okkur í meirihlutanum en ég var ekkert sérstaklega að tala um sjálfstæðismenn, þótt að þeir hafi að vísu átt sinn þátt í því að þetta var gert með þessum hætti. En samstarfið um öll þessi mál var mjög gott og til fyrirmyndar. Ég hef ekkert nema gott um það að segja.

Varðandi framkvæmdir þá gerir þriggja ára áætlunin ráð fyrir verulega miklum framkvæmdum. Það bara kemur fram. Ég held að við verðum að meta ástandið þegar við gerum nýja þriggja ára áætlun hvort við ætlum að draga úr eða bæta í. Það fer bara eftir því frammi fyrir hverju við stöndum í efnahagslífinu. Við verðum að vera sveigjanleg eins og hvert annað fyrirtæki hvað það varðar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur að lokum til máls hæstvirtur borgarstjóri og síðan hafa borgarfulltrúar óskað eftir að gera grein fyrir bókun, alla vega borgarfulltrúar minnihlutans.

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Borgarstjóri Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem hefur verið um ársreikninga Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007 þar sem fram hefur komið að höfuðmarkmið meirihlutans í áframhaldandi vandaðri og agaðri fjármálastjórnun byggist á sífelldri endurskoðun á fjármálaáætlunum, langtímaáætlunum, ráðdeild og hagræði í hvívetna. Það eru okkar viðbrögð við þeim vanda sem blasir við og erum við fullvissir um að það er það sem mun skila okkur vel fram á veginn.

Það er ástæða til bjartsýni fyrir núverandi meirihluta. Hann hefur góða fjármálastjórn og það er grunnurinn fyrir þá velferð og öryggi sem við viljum tryggja borgarbúum og þau fjölmörgu góðu verk sem við erum að vinna og þann metnaðarfulla verkefnalista sem við erum komin vel af stað með að skila og ljúka áður en kjörtímabilinu er lokið. Það var sagt hér áðan að núverandi meirihluti hefði ekki í nægilegu mæli tekist að láta verkin tala. Þau munu gera það en það er vissulega rétt að við þurfum að tala meira um verkin þegar umræðan hefur að undanförunni verið þannig að það er reynt að skyggja á verkin með ómálefnalegri umræðu. Ég er þess fullviss að sú ímynd sem reynt hefur verið að draga upp af borgarstjórnarmeirihlutanum mun ekki vara til langs tíma en að sjálfsögðu skilar skipuleg aðför gegn starfi borgarstjórnar og borgarstjóranum í Reykjavík sínum tímabundna árangri í að draga upp mynd af borgarstjórn sem er skökk miðað við það sem verkin tala fyrir.

Ég frábið mér sérstaklega þegar borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir vill sérstaklega gera þann sem hér stendur helst einan ábyrgan fyrir þeirri slæmu útreið sem borgin er að fá eðlilega í því ástandi og þeirri ósamstöðu sem hefur ríkt hér í starfi borgarstjórnar. Ég fullvissa borgarfulltrúann um það að sumt af þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður uppi mun líka hitta þá fyrir sem hafa haft hann í frammi. En að það sé reynt að gera einhverja eina borgarfulltrúa ábyrgari fyrir þeirri umræðu sem hér hefur verið uppi en aðra, það finnst mér ekki málefnalegt. Ég ítreka það að ég sem borgarstjóri er fyrst og fremst að vinna að verkum og ég stend fyrst og fremst fyrir verk. Ég stend ekki hér sem stjórnmalamaður af því tagi sem ætlar sér að verða einhvers konar stjarna á stjórnmalahimninum, það er fráleitt mitt markmið. Ég stend fyrir verk, ég nýt

Bstj. 3. júní 2008

trausts fyrir verk mín og ég mun vinna að þeim hvað sem borgarfulltrúar minnihlutans gera til þess að varpa rýrð á það sem ég stend þó fyrir. En ég fullvissa þá um það að ég mun halda einbeittur áfram þessum störfum og vinna af heilum hug fyrir Reykvíkingsa. Umræðan mun ekki skila því til lengri tíma að fólk meti ekki og sjái ekki þau góðu verk sem þessi meirihluti stendur fyrir og er unnið kappsamlega á grundvelli styrkrar og ráðdeildarsamrar fjármálastjórnar.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá er síðari umræðu um ársreikning Reykjavíkurborgar lokið og við göngum til atkvæða um ársreikninginn áður en borgarfulltrúar gera grein fyrir sínum bókunum. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja vilja ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007 gefi merki. Ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007 er samþykktur með 15 samhljóða atkvæðum. Þá hefur óskað eftir að gera grein fyrir bókun borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

Bstj. 3. júní 2008

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Óskar Bergsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil gera grein fyrir bókun borgarfulltrúa Framsóknarflokksins. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins lýsir yfir áhyggjum sínum vegna yfirlýsingar borgarstjóra um að fresta verkefnum og hægja á fjárfestingum á vegum borgarinnar vegna breyttra ytri aðstæðna á sviði efnahags- og atvinnumála.

Færa má rök fyrir slíkri ákvörðun í fjármálum einstaklinga og fyrirtækja en Reykjavíkurborg er ekki bara fyrirtæki heldur samfélag sem snertir hvert einasta heimili í borginni. Reykjavíkurborg á við þessar aðstæður að nýta tækifærið og leggja í nauðsynlegar framkvæmdir til þess að fá í þær hagstæð verð um leið og spornað er gegn yfirvofandi atvinnuleysi. Rökstuðningur meirihlutans að þessi yfirlýsing sé bara kannski og ef til vill, segir í raun allt um stefnuleysið sem Borgarstjórn Reykjavíkur býr við um þessar mundir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun. Eru fleiri hér sem áskilja sér rétt til bókana? Já, þannig er það og þá verður gert grein fyrir þeim áður en fundi verður slitið síðar í dag.

En þá er til umræðu 9. liður á dagskrá þessa fundar sem er fundargerð borgarráðs frá 22. maí og fundargerð borgarráðs frá 29. maí. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur óskað eftir að taka til máls.

**[Bókanir fluttar síðar á fundinum.]**

Bstj. 3. júní 2008

## 8. mál Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég geri hér grein fyrir hnitmiðaðri bókun meirihluta D- og F-lista:

Ársreikningurinn fyrir árið 2007 sýnir á ótvíræðan hátt algjöran viðsnúning á rekstri borgarinnar, frá vaxandi hallarekstri og skuldasöfnun í bestu afkomu um árabíl. Rekstrarafkoma á aðalsjóði, sem er tæpir 16.5 milljarðar króna í hagnað, varð 52% hærri en upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Á síðasta ári var hinsvegar tæplega 2.4 milljarða króna tap.

Eftir kosningar 2006 var tekið skipulega á fjármálum borgarinnar, án þess að skera niður þjónustu. Árangurinn má glögglega sjá í ársreikningi Reykjavíkurborgar 2007 en í honum er ein besta rekstrarniðurstaða sem Reykjavíkurborg hefur skilað. Ef frá eru teknar tekjurnar af sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun sem er 10 milljarðar er afgangur A-hlutans 6.3 milljarðar sem er frábær árangur.

Þar sem skiptir sköpum er góð fjármálastjórn. Meðal annars stofnaði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, sérstakan vinnuhóp sem fór ítarlega yfir rekstur og fjármálastjórn borgarinnar undir forystu fjármálaskrifstofu og í góðu samstarfi við stjórnendur fagráða. Í tengslum við starf hópsins var hrundið af stað fjölmörgum umbótaskrefum. Auk þess naut borgin góðæris eins og árið áður.

Staðreyndin er sú að á tímabilinu 2003 til ársins 2006 var halli á rekstri aðalsjóðs samtals 12,6 milljarðar, það er 1,7 milljarðar árið 2003, 4,1 milljarðar árið 2004, 4,4 milljarðar árið 2005 og 2,3 milljarðar árið 2006. Til samanburðar var rekstrarafgangur aðalsjóðs árið 2007 16,5 milljarðar.

Þjónusta við borgarbúa var aukin á síðasta ári, en ekki skert og á sama tíma var búið í haginn. Þessi góða afkoma núna auðveldar Reykjavíkurborg að takast á við verkefni sem eru framundan. Niðurstaða ársreiknings sýnir að sú öfluga fjármálastjórn og ráðdeild sem einkennt hefur rekstur og fjármálastjórn borgarinnar á síðasta ári skipt sköpum. Það er mikilvægt að halda áfram á sömu braut. Einungis þannig verður Reykjavík áfram í fararbroddi íslenskra sveitarfélaga.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur gert grein fyrir bókun meirihlutans. Óskar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson eftir að gera grein fyrir bókun? Er bókun borgarfulltrúans tilbúin eða óskar borgarfulltrúinn eftir dálítið lengri tíma?

Bstj. 3. júní 2008

## **8. mál    Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða**

**Dagur B. Eggertsson:** Ágæti forseti, kæra borgarstjórn. Það er ánægjulegt að borgarstjórn ljúki þessum vetri á því að vera sammála um eitthvað, þ.e.a.s. að við eigum að fara í sumarfrí. En ég ætla að lesa eftirfarandi bókun um ársreikning:

Enginn viðsnúningur varð í þróun skulda borgarsjóðs eða fyrirtækja borgarinnar á árinu 2007, líkt og meirihluti borgarstjórnar hélt fram við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar. Skuldir A-hluta (borgarsjóðs) hafa lækkað jafnt og þétt frá árinu 2004 og því varð enginn “viðsnúningur” vegna “góðrar fjármálastjórnar” á síðasta ári, eins og meirihlutinn hefur haldið fram. Þetta rugl má rekja til þess að meirihlutinn í borgarstjórn blandaði saman þróun lífeyrisskuldbindinga og skulda borgarsjóðs. Það hefur nú verið leiðrétt með upplýsingum frá ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar, PwC.

Skuldir borgarsjóðs hafa farið lækkandi frá árinu 2004 og voru hreinar skuldir borgarsjóð engar orðnar í lok árs 2006, en það er mælikvarði á skuldir að frádregnum peningalegum eignum.

Lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar lækkuðu hins vegar umtalsvert á síðasta ári. Það er ekki að rekja til fjármálastjórnar heldur sölu Landsvirkjunar. Sú sala hefur raunar verið gagnrýnd harðlega því allt bendir til þess að Reykjavíkurborg hafi fengið smáanverð fyrir hlut sinn í fyrirtækinu og orðið af milljörðum eða tugmilljörðum króna.

Ársreikningur fyrir árið 2007 ber að öðru leyti með sér, líkt og fyrri ár, sterka fjárhags- og eignastöðu Reykjavíkurborgar. Hækkun skatta er umtalsvert umfram fjárhagsáætlun og ber vott um þá þenslu sem verið hefur í efnahagsmálum. Rekstrarútgjöld hækkðu svipað og undanfarin ár. Rekstrarafgang ársins 2007 má einvörðungu rekja til sölu eigna, Landsvirkjunar (10 milljarðar) og eigna skipulagssjóðs (5,5 milljarða) en ekki breyttrar fjármálastjórnar.

Engin dæmi eða tölur hafa verið nefnd sem merki um breytta eða trausta fjármálastjórn af hálfu Sjálfstæðisflokksins í umræðum um ársreikning. Starfandi var sparnaðarnefnd sem skilaði ekki af sér.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun um ársreikning. Bókunin er eignuð öllum borgarfulltrúum minnihlutans.